

skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið








Græddu á gulli
á Grand Hótel

Staðgreiðum
allt gull,
silfur, demanta
og vönduð úr.

Í dag frá kl 11:00 til 19:00
Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
29. júní 2012
151. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Semja kvikmyndatónlist**

*Dúettinn Lady & Bird semur tónlist fyrir mynd Óskarsverðlaunahafa.*

popp 30

**Lady Gaga-jakki seldur**

*Jakki sem Vera Þórðardóttir hannaði fyrir Lady Gaga var seldur á 2,2 milljónir.*

popp 30



**Ítalir í úrslit á EM**

*Gianluigi Buffon og félagar í ítalska landsliðinu lögðu Þjóðverja 2-1 og mæta Spánverjum í úrslitaleik.*

sport 27

**veðrið í dag**




**HLÝJAST SV-TIL** Í dag verður víða hægviðri en hvassara við A-ströndina og NV-til. Líkur á stöku skúrum bæði vestan og austan til. Hiti 8-18 stig.

VEÐUR 4



**FORSETAKOSNINGAR** Fjöldi kjósenda hefur kosið utan kjörstaðar undanfarna daga. Í Laugardalshöll hefur verið örtröð og allt að fjörutíu mínútna bið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Forskot Ólafs Ragnars stórt

**Ólafur Ragnar Grímsson nýtur stuðnings 57% samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Tæpt 31% styður Þóru Arnórsdóttur. Tæpur fjórðungur hefur ekki enn gert upp hug sinn þó kosið verði á morgun.**

**KÖNNUN** Ólafur Ragnar Grímsson er líklegur til að hljóta endurkjör til næstu fjögurra ára í embætti forseta Íslands ef marka má niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gær og fyrrakvöld.

Ólafur Ragnar nýtur samkvæmt könnuninni stuðnings 57 prósenta kjósenda og hefur stuðningur við hann staðið í stað frá könnun sem gerð var fyrir tveimur vikum.

Þóra Arnórsdóttir fengi samkvæmt könnuninni 30,8 prósent atkvæða og hefur stuðningur við hana heldur aukist frá síðustu könnun.

„Munurinn á Ólafi og Þóru samkvæmt þessari könnun er mjög mikill, og má nánast segja að hann sé óyfirstíganlegur,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands.

Aðrir frambjóðendur eru ekki líklegir til stórræða í kosningunum á morgun samkvæmt könnuninni. Alls segja 7,5 prósent þeirra sem afstöðu taka að þeir ætli að kjósa Ara Trausta Guðmundsson. Um 2,6 prósent kjósenda styðja Herdísi Þorgeirsdóttur samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, 1,7 prósent Andreu J. Ólafsdóttur og 0,3 prósent Hannes Bjarnason.

Enn hefur stór hluti þjóðarinnar ekki gert upp hug sinn til frambjóðendanna. Um 23,2 prósent þeirra sem þátt tóku í könnuninni sögðust ekki búin að ákveða hvern þau myndu kjósa. Það er heldur lægra hlutfall en í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var fyrir tveimur vikum, en mjög hátt svo skömmu fyrir kosningar.

- bj / sjá síðu 4

**Fylgi forsetaframbjóðenda**




Þrátt fyrir jöfn kynjahlutföll innan félaga eru fleiri stelpur skráðar í yngri flokkum:

# Fleiri stelpur í hestaíþróttinni

**ÍÞRÓTTIR** Þátttaka stelpna í hestaíþróttum hefur farið vaxandi. Hér á landi hafa strákar verið duglegri að stunda íþróttina þótt kynjahlutföll skráðra meðlima í hestamannafélögum á Íslandi séu nokkuð jöfn.

Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, bendir á að erlendis taki konur meiri þátt en karlar, þar sem konur eru um 80 prósent hestamanna sem starfa í skipulögðum félögum.

Landsmót hestamanna fer nú fram í Víðidal í Reykjavík. Haraldur segir stelpur vera að sækja á. „Ef við horfum á yngri flokkana á landsmótinu þá sjáum við mikið fleiri stelpur skráðar til leiks.“ Skýringuna segir hann hugsanlega felast í því að strákar kjósi heldur meira kapp en stelpur og fái ekki nóg af því í hefðbundnum keppnisgreinum hestaíþrótta. Á mótinu í ár er þó í fyrsta sinn í nokkurn tíma keppt í stökki ásamt hefðbundnum greinum.

„Nú er þróunin að snúast við. Íslenskar stelpur eru að sækja á,“ segir Haraldur.

- bþh / sjá síðu 10



HARALDUR ÞÓRARINSSON


NÝJUNG!

DALA Auður

MJÚKUR OG LJÚFFENGUR

HVÍTMYGLUOSTUR ÚR DÖLUNUM






www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu




SIGRAR ÁSTIN ALLT?





## SPURNING DAGSINS



*Kristján Freyr, er þér sýningin afar hugleikin?*

„Já, það er alveg deginum ljósara.“

Kristján Freyr Halldórsson er verslunarstjóri Bókabúðar Máls og menningar en þar fer fram sýning á verkum Hugleiks Dagssonar.

Mál sem reyna á mismunandi álitamál vegna gengistryggðra lána til dómstóla:

# Ellefu prófmál fá flýtimeðferð fyrir dómi

**DÓMSMÁL** Ellefu prófmál, sem ætlað er að skýra réttarstöðu þeirra sem hafa gengistryggð lán, hafa verið valin og fara fyrir héraðsdóm á næstunni. Frá þessu greindi Einar Hugi Bjarnason lögmaður á fundi um fjármögnunarsamninga, sem Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu héldu í gær.

Einar Hugi sat í samráðshópi fjögurra lögmanna sem tilnefndir voru annars vegar af umboðsmanni skuldara og hins vegar af Samtökum fjármálafyrirtækja. Hópurinn greindi meðal annars þau álitaefni sem nauðsynlegt þótti að láta reyna á fyrir dómi. Þau voru 21 talsins. Þá átti hópurinn að velja mál sem þóttu hentugust til að bera undir dómstóla.

Í hverju máli reynir þó aðeins á nokkur álitaefnanna. Þess vegna þurfti að velja ellefu mál; sex sem tengjast lánum einstaklinga og fimm sem tengjast málum fyrirtækja.

Náðst hefur samkomulag við héraðsdómstóla, með hjálp innanríkisráðuneytisins, um að þessi mál fái flýtimeðferð. Tvö þeirra hafa þegar verið þingfest, og önnur verða þingfest í haust. Gert er ráð fyrir að dómur verði fallinn í þeim öllum fyrir jól.

Auk þess hefur verið rætt um að málin fái sams konar meðferð fyrir Hæstarétti. Gangi það eftir gæti endanleg niðurstaða verið komin í öll málin næsta sumar. **- þeb**



**FJÖLMENNT Á FUNDI** Troðfullt var á fundinum í gærmorgun, enda margir sem gengislánadómarnir snerta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hæstiréttur í Bandaríkjunum:

## Heilbrigðislög Obama standa

**BANDARÍKIN, AP** **Heilbrigðislöggjöf Baracks Obama Bandaríkjaforseta og Demókrataflokksins stenst stjórnarskrá. Hæstiréttur Bandaríkjanna dæmdi í málinu í gær.**



BARACK OBAMA

**Obama sagði í gær að úrskurður hæstaréttar væri „sigur fyrir fólk um allt landið“.**

**Með löggjöfinni er nánast öllum Bandaríkjamönnum gert að hafa heilbrigðistryggingu, en annars þurfa þeir að borga sektir. Repúblikanar hafa haldið því fram að með lagasetningunni hafi þingið gengið of langt og farið út fyrir valdsvið sitt.**

**Alls voru 26 ríki meðal þeirra sem stefndu alríkinu fyrir hæstarétt. Þau töldu að alríkið væri að setja íþyngjandi lög fyrir ríkin.**

**Frá og með 2014 munu tryggingafyrirtæki þurfa að borga sjúkrakostnað fólks. Dómurinn klofnaði í afstöðu sinni. - þeb**

Ísland ályktar um Sýrland:

## Slegin óhug yfir ofbeldisverkum

**MANNRÉTTINDI** Ísland lýsir yfir óhug og þungum áhyggjum af stöðu mannréttindamála í Sýrlandi og hvetur til þess að mögulegum kerfisbundnum brotum, sem kunni að reynast glæpir gegn mannkyni, verði vísað til Alþjóðlega sakamáladómstólsins.

Fjöldi ríkja gaf út sameiginlega yfirlýsingu þess efnis á fundi Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í gær og var Ísland hluti af henni, að því er segir í frétt utanríkisráðuneytisins. Tilefnið er skýrsla rannsóknarnefndar mannréttindaráðsins um meint mannréttindabrot í Sýrlandi, þar með talin fjöldamorðin í El-Houleh. **- sh**

# Vill ekki „tákn um sundrungu“ hjá Jóni

**Skipulagsráð samþykkir að Svarta keilan verði við horn Austurvallar. Santiago Sierra gefur listaverkið sem minnisvarða um borgaralega óhlýðni. Fulltrúi Sjálfstæðisflokks segir óviðeigandi að velja sundrungartákni stað á Austurvelli.**

**SKIPULAGSMÁL** „Mér finnst að Jón Sigurðsson, okkar sameiningartákn, eigi að fá að vera þarna í friði,“ segir Marta Guðjónsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skipulagsráði Reykjavíkur. Marta er andvíg því að listaverkið Svarta keilan verði á Austurvelli.

Skipulagsráðið samþykkti fyrir sitt leyti á miðvikudag að „Svarta keilan, minnisvarði um borgaralega óhlýðni“ verði á hellulögðu torgi á horni Kirkjustrætis og Thorvaldsensstrætis. Verk Santiagos Sierra hefur verið á Austurvelli frá því í janúar. Sierra bauð borginni verkið að gjöf með því skilyrði að það yrði áfram á Austurvelli. Listasafn Reykjavíkur lagði til að gjöfin yrði þegin og menningarráð borgarinnar tók undir það. Hugmyndin var að Svarta keilan yrði framvegis í suðvesturhorni vallarins en ekki beint framan við Alþingishúsið. Alþingi lýsti sig hins vegar andvígt staðsetningu Svörtu keilunnar á Austurvelli yfirhöfuð þar sem verkið spillti heildarmynd Austurvallar.

Marta segir afstöðu sína byggjast á því að Austurvöllur sé sögufrægur staður sem hafi verið vettvangur margra stórra atburða. Þar sé ekkert annað en blóm, tré og gras og síðan styttan af Jóni Sigurðssyni.

„Þegar styttunni var komið fyrir þar var það hugsun manna að þarna væri aðeins ein stytta og að hún yrði af Jóni Sigurðssyni. Það er ekki við hæfi að við séum að koma fyrir einhverju sundrungartákni á þessum stað því Jón Sigurðsson var og er sameiningartákn þjóðarinnar,“ segir Marta sem kveður enn fremur óásættanlegt að þiggja listaverk með skilyrðum um staðsetningu.

Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir nýja staðarvalið koma til móts við sjónarmið Alþingis. Þá tekur hann ekki undir skilgreiningu Mörtu Guðjónsdóttur á eðli listaverksins. „Það er ekki sundrungartákn heldur lýðræðistákn sem minnir á grundvallarprinsipp lýðræðisins – að valdið liggur hjá fólkinu endanlega. Þess vegna þarf það að vera nálægt þinghúsinu sem er okkar helsta tákn um lýðræði,“ segir safnstjórinn.

Marta hefur aðra sýn. „Þetta listaverk á að vera tákn um hrunið og búsáhaldabyltinguna en hvað var fólk að biðja um í búsáhaldabyltingunni? Það var að biðja um lýðræðisumbætur. Síðan þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu þessa listaverks er fólkið ekki spurt um lýðræðisumbæturnar ekki spurt hvar verkið eigi að vera. Þá á bara að taka ákvörðunina í lokuðum bakherbergjum.“ **gar@frettabladid.is**



**SVARTA KEILAN** Ef samþykkt skipulagsráðs verður staðfest í borgarráði stendur granítverk Santiagos Sierra ekki lengur andspænis aðalinngangi Alþingis heldur verður flutt á horn Kirkjustrætis og Thorvaldsensstrætis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



MARTA GUÐJÓNSDÓTTIR

HAFÞÓR YNGVASON

> Það er ekki sundrungartákn heldur lýðræðistákn sem minnir á grundvallarprinsipp lýðræðisins – að valdið liggur hjá fólkinu endanlega.
>
> **HAFÞÓR YNGVASON**
> SAFNSTJÓRI LISTASAFNS REYKJAVÍKUR.

Stærsti loftsteinsgígur heims:

## Risagígur á Grænlandi

**GRÆNLAND** Gígur, sem er 600 km í þvermál og stærri en Danmörk, myndaðist á Grænlandi þegar loftsteinn, sem var þrír kílómetrar í þvermál, hrapaði þar fyrir þremur milljörðum ára.

Þetta er niðurstaða rannsóknar danskra vísindamanna, að því er greint er frá á vef danska ríkisútvarpsins. Gígurinn er sagður sá stærsti í heimi.

Loftsteinninn lenti á jörðunni með 20.000 km hraða á sekúndu. Talið er að flóðbylgjan sem fylgdi í kjölfarið kunni að hafa verið talsvert yfir 100 m að hæð, farið hringinn í kringum hnöttinn og mætt sjálfri sér. **- ibs**

Stórfellt amfetamínsmygl:

## Smygluðu dópi í sápubrúsum

**DÓMSMÁL** **Ríkissaksóknari hefur ákært þrjá pólska karlmenn fyrir að flytja til landsins 8,6 kíló af amfetamíni um miðjan apríl.**

**Mennirnir, tveir 29 ára og einn 22 ára, komu til Íslands með flugi frá Varsjá 15. apríl. Tveir þeirra komust óáreittir í gegnum tollinn í Leifsstöð og héldu á átt til Reykjavíkur með leigubíl. Þegar fíkniefni fundust í farangri þess þriðja áttuðu yfirvöld sig þegar í stað á því að hann hefði ekki verið einn á ferð og eltu félagana tvo uppi. Þeir voru handteknir á leið inn í borgina.**

**Í farangri hvers og eins fundust þrír brúsar utan af Johnson's-sturtusápu og tveir merktir Gillette-raksápu – alls fimmtán pakkningar – allir fullir af amfetamíni. Fjórði maðurinn, Pólverji búsettur hér á landi, var handtekinn í kjölfarið og úrskurðaður í gæsluvarðhald ásamt hinum þremur. Hann er ekki ákærður í málinu.**

**Ákæran verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. - sh**






Útivist er þema fyrstu ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins af fjórum í sumar:

# Forsíðumynd og flugmiðar með Wow-air í fyrstu verðlaun

**SAMKEPPNI** Útivist er þema fyrstu ljósmyndasamkeppni sumarsins sem Fréttablaðið efnir til meðal lesenda sinna. Þeir eru hvattir til að senda sem fjölbreytilegastar myndir af viðfangsefnum sem tengjast útivist með einum eða öðrum hætti.

Besta myndin verður birt á forsíðu Fréttablaðsins og aðrar verðlaunamyndir inni í blaðinu. Þá fær myndasmiður bestu myndar tvo flugmiða með Wow-air í verðlaun en í önnur og þriðju verðlaun eru leikhúsmiðar fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Skilafrestur fyrir myndirnar er miðvikudagurinn 4. júlí klukkan 12 og þær skal senda á netfangið ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is.

Þessi keppni eru sú fyrsta í röð fjögurra sem Fréttablaðið efnir til í sumar. Þema hverrar keppni verður kynnt er nær dregur.



**VERÐLAUNAMYND** Þessi mynd bar sigur úr býtum í páskamyndasamkeppni Fréttablaðsins í apríl. MYND/HULDA RÓS HÁKONARDÓTTIR

**TOSCANA HÆGINDAHORNSÓFI**
Hornsófi með tveimur hægindastólum
á frábæru verði!
Stærð: B240 x L240 sm.

FULLT VERÐ: 239.950

# 179.950



SPARIÐ 60.000



FULLT VERÐ: 159.950

# 99.950

**ASPEN HÆGINDASÓFI**
Frábær hægindasófi með glasabakka og hólfi. Þetta er ekta sjónvarpssófi
á frábæru verði! Skemill fyrir fætur og hægt að rugga.
Stærð: L204 x H105 x D98 sm.

# HELGARTILBOÐ!



SPARIÐ 1.000

VERÐ ÁÐUR: 2.995

## 1.995

**57 LÍTRA PLASTKASSI Á HJÓLUM**
Með smelltu loki og á hjólum. Stærð: 59 x 41 x 33 sm.



SPARIÐ 1.000

VERÐ ÁÐUR: 2.995

## 1.995

**RIVALDI SKYRTUR**
Flottar stutterma og síðermaskyrtur á frábæru verði!
Nokkrir mismunandi litir fáanlegir. Stærðir: M-XXL.
Efni: 60% polyester og 40% bómull.



SPARIÐ 2.000

VERÐ ÁÐUR: 4.995

## 2.995

**FLÍSPEYSUR**
Flottar flíspeysur á dömur og herra.
Herraflíspeysur fást í svörtu.
Dömuflíspeysur eru með hettu og fást í bleiku og svörtu.
Nokkrar stærðir.
Fást einnig í barnastærðum fullt verð: **3.995** nú: 2.995



27%

VERÐ ÁÐUR: 685

## 495

**GORDES SKÓR**
Fínir skór fyrir sumarið!
Stærðir: 36-41.



2 FYRIR 1

2 FYRIR 1

## 2.495

**LÚXUS BOXER NÆRBUXUR**
Fáðu 4 nærbuxur á verði 2. Stærðir: S-XXL. 2 stk. saman í pakka.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA TIL 01.07

ÚRVAL AF FLÍSTEPPUM



VERÐ FRÁ:

## 349

**FLÍSTEPPI**
Mikið úrval af flottum flísteppum
á frábæru verði!

## GENGIÐ 28.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,50 | 127,10 |
| Sterlingspund | 196,74 | 197,70 |
| Evra | 157,24 | 158,12 |
| Dönsk króna | 21,152 | 21,276 |
| Norsk króna | 20,837 | 20,959 |
| Sænsk króna | 17,874 | 17,978 |
| Japanskt jen | 1,5929 | 1,6023 |
| SDR | 191,04 | 192,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,5072

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vinnslustöðin í Eyjum hefur sagt upp 41 starfsmanni og hyggst selja Gandí VE – veiðigjaldi kennt um:

# Sagði upp fólki og greiddi 850 milljónir í arð

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hefur ákveðið að segja upp 41 starfsmanni í hagræðingarskyni og setja Gandí VE á söluskrá, að því er kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu í gær. Félagið samþykkti í gærkvöldi að greiða 850 milljónir króna í arð.

„Þessi arður er um það bil 13% af eigin fé Vinnslustöðvarinnar sem er um það bil það sama og ávöxtunarkrafa Bankasýslu ríkisins af bönkunum,“ segir Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. „Ef við horfum á það hvað var áætlað á síðasta ári, þá er þetta um það bil fimm prósent af markaðsvirði þess. Ef ríkisskuldabréf eru keypt í dag, held ég að ávöxtunarkrafan sé nálægt sjö prósentunum.“

Til samanburðar má geta þess að arðgreiðslur ársins á undan voru 500 milljónir króna og hækkunin á milli ára nemur því 75 prósentum.

Sigurgeir útilokar ekki enn frekari sparnaðaraðgerðir. „Ef fyrirtækið ætlar að lifa álögurnar af þá verðum við að bregðast enn frekar við og spara meira,“ segir hann. Hann vill ekki útlista hvers konar aðgerðir þá séu í kortunum, en uppsagnirnar núna séu mikilvægur liður í að halda fyrirtækinu gangandi. Hann segir ákvarðanirnar um að segja upp 13 prósentum fastráðins starfsfólks og draga saman í rekstri séu þungbærar fyrir Vinnslustöðina, en auðvitað fyrst og fremst fyrir starfsfólkið.



**GANDÍ VE** 30 manna áhöfn skipsins hefur verið sagt upp. Skipið verður selt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

„Engum ætti þó að koma á óvart að til slíkra tíðinda drægi, allra síst stjórnvöldum landsins og alþingismönnum sem samþykktu nú síðast stórhækkun veiðigjalda þvert á viðvaranir úr öllum áttum, þar á meðal úr röðum eigin sérfræðinga og ráðgjafa,“ segir Sigurgeir.

Meðal þeirra sem sagt var upp var öll áhöfnin á Gandí VE, alls 30 manns, og 11 manns í landvinnslu fyrirtækisins í Vestmannaeyjum.

**- shá, kóp, sv**

Skákmót í Sumarskákhöllinni:

# Mót á hverjum föstudegi í júlí

**SKÁK Áhugamönnum um skák á öllum aldri er boðið á Ávaxtamótið 2012 sem haldið er klukkan 12 í dag í Sumarskákhöllinni, Þingholtsstræti 47. Boðið verður upp á gómsæta og framandi ávexti.**

**Mótið er haldið í tilefni þess að Skákakademían hefur í sumar frábæra aðstöðu til að halda námskeið fyrir börn og ungmenni og skákviðburði fyrir alla aldurshópa.**

**Áður en mótið hefst mun Hjörvar Steinn Grétarsson, nítján ára landsliðsmaður í skák, skýra skákir.**

**Hraðskákmót verður í hádeginu alla föstudaga í júlí og mótið í dag er hið fyrsta í þeirri syrpu. Þátttaka er ókeypis og opin öllum. - bþh**

## HALDIÐ TIL HAGA

Með frétt um neyðarútgangslampa á blaðsíðu tvö í Fréttablaðinu í gær var birt mynd af Beghelli-lampa. Rétt er að taka fram að vörumerkið tengist fréttinni ekki beint og átti framleiðandinn ekki hlut að innköllunum vegna bruna í lömpunum. Beðist er velvirðingar á myndbirtingunni.

Í Fréttablaðinu á miðvikudag var fjallað um endurbætur á símamastri í Ólafsvík. Þar kom fram að nokkuð hefði verið kvartað yfir lélegu netsambandi á svæðinu. Rétt er að geta þess að tvö símkerfi eru á nesinu, Síminn og Nova. Umrætt mastur er Símans.

## LEIÐRÉTT

Í frétt Fréttablaðsins í gær kom ranglega fram að fyrirtækið Gunhil hefði sent frá sér kvikmyndina Hetjur Valhallar: Þór. Hið rétta er að fyrirtækið Caoz framleiddi myndina en ekki Gunhil, sem er skipað þeim Gunnari Karlssyni, höfundi á útliti og meðleikstjóra myndarinnar, Hilmari Sigurðssyni, annars aðalframleiðanda myndarinnar og fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Caoz ásamt Hauki Sigurjónssyni.

# Um 57% styðja Ólaf Ragnar

**Afgerandi meirihluti kjósenda ætlar að kjósa Ólaf Ragnar Grímsson í forsetakosningunum á morgun. Þóra Arnórsdóttir nýtur stuðnings tæplega 31 prósents. Aðrir frambjóðendur njóta mun minni stuðnings.**

**KÖNNUN** Nærri sex af hverjum tíu kjósendum ætla að kjósa Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, í forsetakosningum sem fram fara á morgun. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi og fyrrakvöld.

Alls segjast 57 prósent ætla að kjósa Ólaf Ragnar. Það er svipað hlutfall og í könnun sem gerð var fyrir tveimur vikum, þegar 58 prósent sögðust styðja Ólaf, en fram að því hafði stuðningur við Ólaf aukist jafnt og þétt milli kannana.

Þóra Arnórsdóttir er með rúman helming af fylgi Ólafs Ragnars samkvæmt könnuninni. Um 30,8 prósent þeirra sem afstöðu taka segjast ætla að kjósa Þóru. Fyrir tveimur vikum var hlutfallið lægra, um 27,8 prósent, en hafði þá fallið verulega frá því það mældist hæst snemma í apríl, um 46,5 prósent.

„Þetta segir okkur að Ólafur og Þóra eru að bæta við sig á lokasprettinum. Það er skiljanleg og líkleg niðurstaða að tveir efstu frambjóðendurnir bæti við sig þar sem fólk fer í einhverjum mæli að kjósa taktískt,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands.

Stuðningur við aðra frambjóðendur ýmist stendur í stað eða dalar milli kannana. 7,5 prósent ætla að kjósa Ara Trausta Guðmundsson, samanborið við átta prósent fyrir tveimur vikum. Breytingar milli kannana eru innan skekkjumarka hjá öðrum en Hannesi.

Um 2,6 prósent styðja Herdísi Þorgeirsdóttur og 1,7 prósent Andreu J. Ólafsdóttur. Hannes Bjarnason nýtur samkvæmt könnuninni stuðnings um 0,3 prósenta kjósenda.

Tæpur fjórðungur kjósenda segist enn ekki hafa gert upp hug sinn. Um 23,2 prósent tóku ekki afstöðu til neinna frambjóðenda. Það er heldur lægra hlutfall en í síðustu könnun, þegar 27,8 prósent voru óákveðin.




Talsverður munur er á niðurstöðum skoðanakannana fyrir forsetakosningarnar eftir því hver gerir könnunina. Þannig sýndi skoðanakönnun sem Capacent gerði dagana 14. til 20. júní að Ólafur Ragnar nyti stuðnings 45 prósenta en Þóra Arnórsdóttir 37 prósenta.

Gunnar Helgi segir ýmsar skýringar geta verið á mismunandi niðurstöðum úr skoðanakönnunum. Aðferðafræðin er ólík. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 er hringt í kjósendur tvö kvöld í röð, en Capacent gerir netkannanir.

Gunnar Helgi bendir á að mögulega séu stuðningsmenn Ólafs Ragnars ákveðnari í því sem þeir ætla að kjósa en þeir sem ætla að kjósa einhvern annan. Því sé ekki ólíklegt að fylgi hans mælist hærra en það sé í raun og veru. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 er reiknað með því að óákveðnir skiptist á sama hátt og þeir sem taka afstöðu, sem þarf ekki að verða niðurstaðan þegar í kjörklefann er komið.

**brjann@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**FERÐAHELGI** Júlí er að hefjast og margir á leið í sumarfríið. Bjart á morgun um mest allt land en stöku skúrir A-til. Dregur fyrir V-til fram á sunnudag og líkur á skúrum S- og V-lands. Kólnar A-til um helgina.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 34° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 32° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 34° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 22° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*





**TILBOÐ 35%** afsláttur við kassa

**MÍNÚTUSTEIK**
**2.729** kr/kg
Verð áður 4.198,-

---

**Holta** — TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ **1.998** kr/kg
Verð áður 2.854,-
**Kjúklingabringur**
hvítlauks- og texasmerinering

**ÍSLANDS NAUT** — TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ **2.491** kr/kg
Verð áður 3.559,-
**Ungnauta piparsteik**

**Holta** — TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
TILBOÐ **314** kr/kg
Verð áður 449,-
**Kjúklingavængir**
ferskir

**SS** — TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ **1.724** kr/kg
Verð áður 2.298,-
**Grísakótilettur**
kryddlegnar

---

*Loksins komið aftur!*
**JACK DANIEL'S**
**BBQ SÓSUR**

---

TILBOÐ
**CHICAGO TOWN EDGE TO EDGE PIZZA**
**499** kr/pk.
Verð áður 699.-

TILBOÐ
**MCCAIN SÆTARKARTÖFLUR**
**499** kr/pk.
Verð áður 699.-

TILBOÐ
**MCCAIN SUPERFRIES**
**699** kr/pk.
Verð áður 899.-

**NUTRAMINO ICE TEA NRG CARBO**
**299** kr/stk.

*25% meira magn!*

TILBOÐ
**MCCAIN SÚKKULAÐIKAKA**
**899** kr/stk.
Verð áður 1069.-

**FLÓRIDANA SUMARSAFI 1L**
**299** kr/stk.

TREFJARÍKT & FULLT AF NÆRINGU
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
**HEILKORNABRAUÐ**
**299** kr/stk.
Verð áður 449.-

*Himnesk orka!*

**CHIAFRÆ**
Auðug af omega-3. Þau eru trefjarík - gott að nota þau í grauta og hráfæði.

---

**OPIÐ** allan sólarhringinn
24 Hagkaup
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 1. júlí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Munt þú fylgjast með Landsmóti hestamanna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 10,1% |
| NEI | 89,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kjósa í forsetakosningunum á morgun?*

Segðu þína skoðun á visir.is — vísir

Tillögur um lagabreytingu vegna kosninga fatlaðra hafa aldrei fengist afgreiddar:

# Ráðherrann biður fatlaða afsökunar

**STJÓRNMÁL** Sigurður Kári Kristjánsson, þáverandi alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram tillögu um miðjan síðasta áratug sem uppfylla átti kröfu fatlaðra um aðstoðarmann að eigin vali í kosningum. Málið fékkst ekki afgreitt frekar en þegar Sigurður ásamt öðrum lagði það fram aftur á þinginu 2010-2011, í aðdraganda kosninga til stjórnlagaþings.

„Þeir sem ábyrgð bera á því verða að útskýra fyrir sig hvers vegna það var ekki gert þá og hvers vegna ekki er búið að kippa þessu í liðinn og gera nauðsynlegar lagabreytingar fyrir þessar forsetakosningar,“ segir Sigurður Kári.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist hafa talið að sú tilhögun sem höfð var við kosningar til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 gæti haldið áfram. Þá gátu fatlaðir valið eigin aðstoðarmann sem undirritaði sérstakt heit hjá kjörstjóra.

„Þetta skýrir andvaraleysi mitt gagnvart nauðsyn lagabreytinga strax,“ segir Ögmundur. Hæstiréttur hafi hins vegar dæmt í janúar 2011 að stjórnvöld geti ekki vikið frá fyrirmælum laga um framkvæmd kosninga.

„Af þessum sökum er því miður ekki unnt að verða við kröfum um að fatlað fólk sem þarf aðstoðar við í kjörklefa fái þá aðstoð á annan hátt en skilgreint er í lögum,“ segir ráðherrann sem kveðst í haust munu flytja frumvarp um breytingar. „Af þessu tilefni vil ég biðja fatlaða einstaklinga sem telja nú á sér brotið afsökunar á því að lögunum hafi ekki þegar verið breytt en framangreint er skýring á því hvers vegna málum er háttað eins og raun ber vitni.“ **- gar**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Innanríkisráðherra boðar lagabreytingar sem koma eiga til móts við kröfur fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Datamarket í Evrópuverkefni:

## Sextíu milljóna króna verkefni

**UPPLÝSINGATÆKNI Datamarket er meðal þátttakenda í stóru rannsókna- og þróunarverkefni sem leitt er af Tækniháskólanum í Berlín og fjármagnað að stórum hluta af sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins.**

**Verkefnið snýr að því að samræma aðgang að gagnasöfnum og tengja þau saman, einkum þau sem tengjast efnahagsmálum Evrópuríkja. Datamarket mun afla og miðla tölulegum gagnasöfnum, þar á meðal hagtölum og gengisupplýsingum og myndrænni framsetningu þeirra. Verkefnistíminn er tvö ár og nemur fjármögnun ESB tæpum tveimur milljónum evra eða um 315 milljónum króna. Datamarket fær 60 milljónir króna.** - sv

## BJÖRGUN

### Veiktist á Esjunni

Göngugarpur á Esjunni veiktist í fjallshlíðunum svo kalla þurfti til björgunarsveitir og slökkvilið í gærkvöldi. Maðurinn var kominn upp að Steini þegar honum þvarr kraftur og hann komst ekki lengra.

### Snerist á ökkla á Kirkjufelli

Björgunarsveitin Klakkur í Grundarfirði sótti konu á Kirkjufell í gær. Hún hafði snúið sig á ökkla og komst ekki sjálf niður af fjallinu.



**GRAFÍKMYND AF NÝJA HÓTELINU** Svona mun hótelið líta út þegar það verður tilbúið í maí á næsta ári.

Framkvæmdir á Patreksfirði:

## Gamalt sláturhús verður hótel

**FERÐAMÁL** Fosshótel opnar 41 herbergis hótel á Patreksfirði í maí á næsta ári. Samningar þess efnis voru undirritaðir á Patreksfirði í gær. Það verður langstærsta hótelið á svæðinu segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstýra Vesturbyggðar. Hótelið verður í endurbyggðu vinnsluhúsi en í því var áður rekið sláturhús og fiskvinnsla.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Fosshótela, segir að heildarfjárfesting vegna kaupa á fasteigninni og fyrirhugaðra breytinga sé áætluð 350 til 400 milljónir króna. Um fimmtán til tuttugu manns munu vinna við rekstur hótelsins. Hann segir að í hótelinu verði veitingahús og veitingasalur fyrir um fjörutíu til fimmtíu manns en einnig verði reynt, í samvinnu við heimamenn, að nýta félagsheimilið til funda, ráðstefna og annarra viðburða, en félagsheimilið er steinsnar frá. - jse

# Refsiaðgerðir frekar ólíkleg framtíðarsýn

**Samkomulag um heimild til reglugerðarsetningar vegna refsiaðgerða gegn þeim sem stunda ósjálfbærar veiðar liggur fyrir hjá ESB. Að gripið verði til refsiaðgerða gegn Íslandi vegna makrílveiða er hins vegar fjarlægur möguleiki.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru refsiaðgerðir af hendi Evrópusambandsins yfirvofandi vegna makrílveiða?

Nú liggur fyrir samkomulag fulltrúa Evrópuþingsins og ráðherraráðs Evrópusambandsins, þar sem Danir fara með forsæti, um að reglugerð verði sett sem veitir heimild til aðgerða gegn ríkjum sem stunda ósjálfbærar veiðar. Reglugerðin er sett til höfuðs Íslendingum og Færeyingum vegna makrílveiða. Refsiaðgerðir gegn Íslandi hafa hins vegar ekki verið samþykktar, og myndu reynast bitlitlar ef til þeirra kæmi. Framhald málsins ræðst líklega á haustmánuðum.

Samkomulagið gengur ekki eins langt og Evrópuþingið vildi ná fram en það vildi mun víðtækari heimildir til aðgerða, til dæmis að viðskiptaþvinganir gætu náð til allra fisktegunda. Í þessu samkomulagi er það bundið við þær tegundir sem viðkomandi ríki er sakað um að stunda ósjálfbærar veiðar á; í tilfelli Íslendinga á það við um makrílinn og meðafla í makrílveiðum eftir því sem næst verður komist.

Umræða um refsiaðgerðir ESB og Norðmanna á hendur Íslandi og Færeyjum er ekki ný af nálinni. Þeir sem gerst þekkja á Íslandi hafa gjarnan svarað því til að allt slíkt tal sé innistæðulaust þar sem réttur okkar sem fiskveiðiþjóðar sé tryggður með alþjóðasamningum og ef í gegnum EES-samninginn.

Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri, segir að stjórnvöld geri engar athugasemdir við það að ESB afli sér lagaheimilda til að beita aðgerðum gegn ríkjum sem stunda ósjálfbærar veiðar, eða veiða án samkomulags við aðrar þjóðir. „Við höfum slíkar heimildir í okkar löggjöf. Aðalatriðið, hvað okkur varðar, er að þær heimildir sem við teljum ESB-löglegar gagnvart EES-samningnum snúa aðeins að löndunarbanni á skip sem veiða úr umdeildum stofni.“

Heimildirnar sem núna hafa verið samþykktar ná til innflutningsbanns á makrílafurðum en Sigurgeir telur að slíkt samræmist ekki EES-samningunum. „Þetta eru almennar heimildir og þegar og ef að því kemur að þeim væri beitt gagnvart okkur, þá trúir maður því ekki fyrir fram að þeir beiti ekki heimildunum samkvæmt þeim samningum sem í gildi eru og uppfylla alþjóðlegar kröfur og samningsskuldbindingar við okkur,“ segir Sigurgeir.

svavar@frettabladid.is



**KOMIÐ INN TIL LÖNDUNAR** Makrílveiðarnar eru að skríða af stað og búið er að landa rúmlega sjö þúsund tonnum. Makríll veður í Breiðafirði, segja heimamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR


Allra síðustu sætin

Benidorm

Allra síðustu sætin 3. júlí

Frá kr. 19.900

Frábært tilboð - Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 7 nátta ferð til Benidorm þann 3 júlí. Í boði er Hotel Melia **** með hálfu fæði Einnig bjóðum við flugsæti aðra leiðina til og frá Alicante þann 3. júlí á einstökum kjörum.

Frá kr. 19.900

Flugsæti aðra leiðina á mann með sköttum til og frá Alicante 3. júlí

Hotel Melia ****

Kr. 79.900 - með hálfu fæði.

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 89.900. Aukagjald fyrir allt innifalið 19.900 krónur fyrir fullorðinn einstakling og 9.950 fyrir barn.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


## HVER ÞREMILLINN!

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

Grasflötin við Eiðisgranda tekur stakkaskiptum við bæjarmörkin:

# Hróplegur munur á slætti

Grasflötin á Eiðisgranda tekur stakkaskiptum við bæjarmörk Reykjavíkur og Seltjarnarness. Flötin Seltjarnarnesmegin er slegin en Reykjavíkurmegin fá njólarnir og úr sér sprottið grasið að vera í friði fyrir sláttuvélunum.

„Þetta er á ábyrgð Vegagerðarinnar. Hún tekur þrjá slætti við allar stofnbrautir. Næsta umferð fer bráðlega í gang,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar.

Það eru hins vegar starfsmenn Seltjarnarnesbæjar sem slá grasið sem vex innan þeirra bæjarmarka.

„Við sláum þegar þurfa þykir. Þegar grasið fer að spretta þá sláum við bara. Við höfum þetta svolítið í hendi okkar, en þó fer líka eftir veðurfari hversu oft við sláum. Svona svæði sláum við töluvert oft. Við viljum hafa þetta fínt,“ segir Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri Seltjarnarness.

Bjarni segir borgaryfirvöld hafa sparað í slætti undanfarin ár.

„Það voru farnar fjórar til fimm umferðir hérna áður fyrr. Á vissum stöðum, til dæmis í Hljómskálagarðinum, skrúðgörðum og svoleiðis, er þessu enn þá haldið við á svipaðan hátt og áður. Það er á þessum túnum við umferðaræðarnar sem sparnaðurinn er tekinn.“ - ktg



**SLÁTTUR** Grasið í Seltjarnarnesbæ er eins og golfvöllur en grasið í Reykjavík þarf sárlega að slá. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Kjósum sátt

Ég skora á alla Íslendinga að kjósa þann frambjóðanda sem þeir treysta best til að starfa af heilindum fyrir alla þjóðina. Eflum bjartsýni og beinum kröftum okkar að uppbyggingu jákvæðara og betra samfélags. Sterkur forseti gengur á undan með góðu fordæmi.

**Nái ég kjöri mun ég:**

– *Tryggja að þjóðin hafi síðasta orðið um aðild að Evrópusambandinu.*
– *Vera föst fyrir og beita synjunarvaldinu af hófstillingu.*
– *Vinna að sátt í samfélaginu og efla skilning á málstað Íslendinga á alþjóðavettvangi.*
– *Fara að tilmælum rannsóknarskýrslunnar og setja forsetaembættinu skýrar siðareglur.*

Sameinumst – kjósum sátt fremur en sundrung og átök

Þóra Arnórsdóttir

XÞóra

www.thoraarnors.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða bæjarfélagi á höfuðborgarsvæðinu eru flestir á biðlista eftir félagslegum íbúðum?*
2. *Hvað heitir ný bók Hugleiks Dagssonar?*
3. *Hvaða lið slógu Spánverjar út í undanúrslitum EM í knattspyrnu?*

**SVÖR:**

*1. Kópavogur 2. Enn fleiri íslensk dægurlög 3. Lið Portúgala*

Kaupin metin óhagstæð:

## D3 hættir við kaup á fyrirtækinu Miði.is

**VIÐSKIPTI D3 miðlar, dótturfélag Senu, hefur fallið frá kaupum á fyrirtækinu Miði.is. Skilyrði Samkeppniseftirlitsins gerðu kaupin óhagstæð fyrir D3 og hefðu ekki skapað þau tækifæri sem stefnt var að með kaupunum, að sögn fyrirtækisins.**

**„D3 er nýsköpunarfyrirtæki sem miðlar afþreyingu á netinu til Íslendinga og stendur frammi fyrir mikilli samkeppni frá alþjóðlegum risafyrirtækjum á borð við Apple, Amazon, Netflix og Spotify," segir í tilkynningu frá Engilbert Hafsteinssyni, framkvæmdastóra D3. Með kaupum á Miða.is var ætlunin að skapa íslenskt mótvægi við erlendu afþreyingarveiturnar.**

- sv

# Mikilvægt framlag til mannréttinda

**Nefnd um málefni útlendinga utan EES hefur skilað skýrslu með tillögum að breytingum á útlendingalögum. Vill ýmsar breytingar á fyrirkomulagi dvalarleyfa og komu hælisleitenda til landsins. Frumvarp í haust, segir ráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Stefnt er að því að frumvarp að nýjum heildarlögum um málefni útlendinga verði lagt fram á Alþingi í haust. Þetta kom fram á fundi í gær þar sem skýrsla nefndar, sem fjallað hefur um málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins, var kynnt.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir tillögurnar sem kynntar voru í gær mjög mikilvægar. Hann segist vilja að frumvarp verði orðið að lögum fyrir kosningar. „Þetta þýðir að það þyrfti að koma fram í haust, alveg tvímælalaust." Hann segir mikilvægt að skýrslan fari nú í opið umsagnarferli jafnframt því sem hafist verði handa við gerð frumvarps. „Ég held að það væri óráð að skilja þetta að vegna þess að okkur liggur á. Við þurfum að reyna að fá niðurstöðu eins fljótt og hægt er."

Í tillögum nefndarinnar, sem Halla Gunnarsdóttir stýrði, eru lagðar til ellefu tillögur að breytingum. Fyrir það fyrsta er lagt til að sett verði heildarlög um útlendinga, sem verði á ábyrgð innanríkisráðuneytisins. Hingað til hafa lögin verið tvískipt og atvinnuleyfi heyrt undir velferðarráðuneyti á meðan dvalarleyfi heyra undir innanríkisráðuneytið.

Lagt er til að dvalarleyfisflokkum verði breytt og réttindasöfnun útlendinga jöfnuð meðal dvalarleyfishafa. Þannig fái þeir sjálfkrafa atvinnuleyfi nema í undantekningartilvikum skammtímadvalarleyfa. Þá verði það meginstefna að útlendingar sem hér hafa dvalarleyfi fái heimild til að fá fjölskyldur sínar til sín.

Í málefnum hælisleitenda og flóttamanna er lagt til að lögfest verði bann við refsingum vegna ólöglegrar komu til landsins. Jafnframt munu fyrstu hælisviðtöl fara fram hjá Útlendingastofnun en ekki lögreglu eins og verið hefur. Að sama skapi leggur nefndin til að stofnuð verði sjálfstæð úrskurðarnefnd, að minnsta kosti í málefnum hælisleitenda. Þá verði komið á sérstakri málsmeðferð vegna hælisleitenda á barnsaldri, og hælisleitendur eiga að geta valið búsetu sína án þess að það hafi áhrif á þjónustuna sem þeir njóta.

„Eftir veru mína í ráðuneytinu, ráðuneyti dómsmála og mannréttinda, hef ég sannfærst um að ef okkur tekst að ráða bót á þeim vanköntum og brotalömum sem er að finna í lagasmíðinni þá væri það eitt mikilvægasta framlag okkar til mannréttindamála sem ég get hugsað mér," segir Ögmundur.

thorunn@frettabladid.is



**SKÝRSLAN KYNNT** Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra og formaður nefndarinnar, kynnti tillögur nefndarinnar í gær. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra héldu einnig ávörp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**TREYJAN GÓÐA** Hér fær Einar Örn Jónsson treyjuna úr höndum Hólmfríðar Önnu Baldursdóttur. MYND/UNICEF

Happdrætti UNICEF:

## Börsungar gefa áritaða treyju

**HAPPDRÆTTI** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF á Íslandi, stendur fyrir happdrætti þar sem einn heppinn þátttakandi fær áritaða treyju Barcelona, knattspyrnuliðsins katalónska. Knattspyrnuliðið gaf landsnefndum UNICEF um allan heim treyjur. Aðeins ein er í boði á Íslandi.

Fimm Börsungar árituðu treyjuna sem ber merki UNICEF. Þeir eru Gerard Pique, Victor Valdés, Xavi Hernandez, Carles Puyol og David Villa. Tilkynnt verður um vinningshafann í EM-kvöldi á RÚV eftir úrslitaleikinn á sunnudaginn.

Hægt er að taka þátt með því að senda smáskilaboð með orðinu „unicef" í númerið 1900. Hver skilaboð kosta 1.500 krónur og rennur ágóðinn beint til UNICEF.

- bþh

**LÖGREGLUMÁL**

### Ferðamaður þakklátur

Lögreglan fékk heimsókn niðurlútrar konu á lögreglustöðina við Hverfisgötu í gær. Hún hafði týnt myndbandsupptökuvél sinni. Hún kættist þó við að heyra að klukkustund áður hefði samviskusamur borgari fundið vélina á Austurvelli og komið í hendur lögreglu.



netto
Kræsingar & kostakjör




LAMBALÆRISSNEIÐAR
GRILL

30% AFSLÁTTUR
1.679
ÁÐUR 2.398 KR/KG

# VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ!



GRÍSAHNAKKI
BEINLAUS - PIRI PIRI
GOÐI
23% AFSLÁTTUR
1.692
ÁÐUR 2.198 KR/KG



KJÚKLINGALEGGIR
MEXICO MAGNPAKNING
30% AFSLÁTTUR
699
ÁÐUR 998 KR/KG
ÍSFUGL



GOÐI
VÍNARPYLSUR
10 STK - 513 G
25% AFSLÁTTUR
389
ÁÐUR 519 KR/PK

NÝBAKAÐ TILBOÐ VIKUNNAR



KLEINUHRINGIR
BAKAÐ Á STAÐNUM
USA*
95
ÁÐUR 189 KR/STK
50% AFSLÁTTUR
*GILDIR EKKI UM NETTÓ SALAVEGI



1.692
ÁÐUR 2.198 KR/KG
GRÍSAHNAKKI
PIPAR OG BBQ
GOÐI



SVÍNAKÓTELETTUR
REYKTAR
VERÐ NÚ
1.596
ÁÐUR 1.698 KR/KG
KJÖTSEL

EMERGE
-ORKUDRYKKUR
-250 ML




79 KR STK

HJÓNABANDSSÆLA
OKKAR
36% AFSLÁTTUR



492
ÁÐUR 769 KR/PK

50% AFSLÁTTUR



PLÓMUR
500 G ASKJA
199
ÁÐUR 398 KR/ASKJAN

ÁVÖXTUR VIKUNNAR



markhonnun.is

föstudagur **Föstudagsviðtalið**

**Haraldur Þórarinsson,** formaður Landssambands hestamannafélaga á Íslandi




**Á LANDSMÓTI** Haraldur segist gera ráð fyrir því að aðsóknarmet falli á landsmótinu í ár í Víðidal í Reykjavík. Mikið er um að vera og búið að gera ráð fyrir öllum, jafnvel þeim sem ekki hafa áhuga á hestum. Þeir sem miða hafa inn á svæðið geta sótt söfn, sundlaugar og ferðast frítt í strætó í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Á Íslandi eru of margir hestar

Landsmót hestamanna hófst í Reykjavík á mánudag og stendur fram yfir helgi. Mótið sækja þúsundir gesta, knapar og áhorfendur, alls staðar af landinu og erlendis frá. **Haraldur Þórarinsson**, formaður Landssambands hestamannafélaga á Íslandi, sagði *Birgi Þór Harðarsyni* frá mótinu, hvers vegna það hentar vel í Reykjavík og vandamálum sem steðja að hestamönnum.

Hestamennskan er fyrst og fremst fjölskyldusport. Það sem er svo dásamlegt við íslenska hestinn er að fjölskyldan getur öll tekið þátt og það geta allir fundið sér hest við hæfi," segir Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga á Íslandi. „Þess vegna er hestamennskan alveg frábært sport, hvort sem fólk hefur áhuga á keppnum eða hestaferðum."

„Mikill meirihluti okkar sem höldum hesta er að því til að ríða út og er ekkert að keppa af viti. Við ríðum hér um Víðidalinn, hálendið og sveitirnar."

Landsmót hestamanna hófst í Víðidal í Reykjavík á mánudag. Þetta er í annað sinn sem mótið fer fram í Reykjavík. Síðast var það haldið í höfuðborginni árið 2000.

Haraldur segir aðstöðuna í Reykjavík henta gríðarlega vel fyrir Landsmót hestamanna. Það sé hins vegar pólitík sem ráðið hafi því að mótið hafi oftar verið haldið á landsbyggðinni.

„Ég hef viljað stilla þessu upp þannig og segja að það séu aðrir möguleikar hér í bænum. Landsbyggðin hefur ákveðna möguleika ef svæðin bjóða upp á glæsileg mót. En það sem við höfum í Reykjavík er að hér er allt innan seilingar, öll þjónusta og dægradvöl.

Fólk getur valið um veitingastaði, gististaði og þó að við bjóðum upp á frábæra aðstöðu fyrir mótið hér eins og annars staðar þá er svo mikilvægt að hafa meira."

### Eitthvað fyrir alla

Gert var samkomulag við Strætó og Reykjavíkurborg um að miðinn inn á landsmótið fæli í sér fríar ferðir í Strætó, frítt í sund og frítt á öll söfn í Reykjavík. Haraldur segir þetta skipta sköpum.

„Það þarf ekki að vera að allir í fjölskyldunni hafi gaman af hestum. Þá geta þeir farið á söfn, í sund eða nýtt aðra möguleika í borginni á meðan. Þetta er auðvitað hægt annars staðar líka en hér er allt svo nálægt okkur. Annar kostur við að hafa þetta hér er að við getum hýst öll hrossin á svæðinu. Það er ekki eðlilegt að gera kröfu um að slíkt sé hægt á hinum stöðunum. Hingað á mótið koma yfir þúsund hross og það þarf ekkert smáræðis húsnæði fyrir þetta."

*Samt hefur mótið ekki verið haldið hér nema einu sinni áður?*

„Nei, það er vegna þess að hestamenn hafa ekki viljað koma hingað vegna þess að þeir telja að landsmót eigi að vera úti á landi. En þetta snýst ekki um það því landsmót og hestamannamót voru haldin á sínum tíma á þeim stöðum þar sem einfaldast var að útbúa völl.

En núna gerum við aðrar kröfur til mótanna. Landssamband hestamannafélaga er þriðja stærsta sérsamband innan ÍSÍ með 11.500 félagsmenn. Við erum stærri en handbolti og körfubolti. Aðeins fótbolta og golf stunda fleiri. Okkur ber sem sérsambandi að sjá til þess að fjárfestingin sem sett er í landsmótin nýtist til uppbyggingar í hestaíþróttinni. Ef það á að gerast þá þurfa mótin að vera nálægt þéttbýli þar sem fjárfestingin nýtist."

> Þetta er kannski partur af því að þú borðar ekki vin þinn. Það er voðalega erfitt að fara með hestinn sinn í sláturhús.

### Mótið aldrei stærra

Haraldur segist búast við því að landsmótið í ár verði það stærsta sem haldið hefur verið. Hann býst jafnvel við að 15.000 manns verði á svæðinu þegar best láti um helgina. „Það koma hestar og knapar frá 47 hestamannafélögum umhverfis landið. Það eru um 500 hestar sem koma til móts auk gesta og áhorfenda."

„Það er gaman að koma á landsmót svo ég segi þér eins og er. Við höfum oft sagt það með landsmótin að þetta er ekki bara mót í kringum hestinn því þetta er mannlífsmót líka. Íslenski hesturinn er fyrst og fremst sameign allrar þjóðarinnar. Ef maður horfir á hvernig sveitarfélög eru byggð upp og kirkjusóknir þá miðast allt við að þú getir farið ríðandi í og úr messu og sinnt þínum störfum heima. Öll ferðalög voru miðuð út frá hestinum. Oddvitinn þurfti einnig að komast ríðandi í heimahagana. Í dag væru sveitarfélög mikið stærri ef við myndum miða allar samgöngur frá bílnum.

Allt samgöngukerfið á þeim tíma var hesturinn. Menn riðu til dæmis oft á Þingvelli í gamla daga og því fannst hestamönnum tilvalið, þegar endurreisa átti umgjörð um íslenska hestinn, að byrja á Þingvöllum. Þess vegna var fyrsta landsmótið haldið þar árið 1950.

Við höfum reynt að markaðssetja mótin sem fjölskyldusamkomu. Hesturinn á svo ríka vitund í íslensku þjóðarsálinni sem menn hafa kannski ekki áttað sig almennilega á hve sterk er. Við höfum reynt að átta okkur á því hvers vegna það er.

Sem dæmi má nefna að hér áður fyrr var það guðlast að borða hrossakjöt. Alveg eins og á Indlandi þar sem kýr eru heilagar. Þetta hefur verið viss pólitík hér. Á Íslandi var ástæðan fyrir banni á hestaáti sú að ef þú ást hestinn þinn þá gastu ekki sótt lækni, komist til byggða eða ferðast. Hesturinn var bara lífsbjörgin."

*En borða hestamenn folaldakjöt í dag?*

„Já, já það held ég alveg örugglega. Enda er engin skömm að því að borða folaldakjöt því það er eitt besta kjöt sem til er og það hollasta. Kjötið er ekki heilagt, allavega ekki fyrir mér. Við verðum að athuga að hesturinn er skepna sem fæðist í 95 prósentum tilfella til að vera frístundatæki, annað hvort til keppni eða svo hægt sé að fara í hestaferðir. Hann er ekki ræktaður til manneldis. Kjötið er hins vegar afurð af hestinum sem ber að nýta á skynsaman hátt. Þeir hestar sem ekki henta, þeir sem hafa skapgalla, ganggalla og eitthvað fleira, eru sendir í sláturhús og eru nýttir best þar."

### Þú borðar ekki vin þinn

„Á Íslandi fæðast 5800 folöld á ársgrundvelli sem eru skráð í FEIF (Heimssamtök íslenskra hestamannafélaga). En við vitum að þau eru fleiri, það eru kannski 7000 folöld sem fæðast. Hluti þessara folalda fer í sláturhús. Það eru kannski fimm til tíu prósent af þeim folöldum sem fæðast hjá stóðbændum sem eru send í sláturhús."

*Það eru rosalega margir hestar á Íslandi, ekki satt? Miðað við höfðatölu og nágrannaríki okkar. Er hægt að segja að það sé vandamál?*

„Sko, þetta hefur verið rætt. Það verður náttúrulega að athuga að hesturinn er miklu meira en íþróttatæki eða frístundatæki. Hesturinn verður vinur þinn.

Þetta er kannski partur af því að þú borðar ekki vin þinn. Það er voðalega erfitt að fara með hestinn sinn í sláturhús eða setja hann af. Þess vegna dregst það oft úr hófi fram að menn grisji í stóðinu sínu, afsetji hesta, hvort sem þeir setja þá í sláturhús eða taka þeim gröf. Svo við getum sagt já, það eru of margir hestar á Íslandi miðað við þá sem eru að nota þá."

„Við þurfum ekki svona marga hesta í frístundina. En þeir sem stunda kjötframleiðslu og hafa land geta haft sína starfsemi eins og þeir vilja. Nákvæmlega eins og þeir sem halda sauðfé eða kýr."

PIPAR\TBWA · SÍA · 121462

# -7 kr.

## af lítranum í dag

# OG

## tvöfaldir Vildarpunktar Icelandair

### með ÓB-lyklinum hjá ÓB og Olís




**Í dag, 29. júní, er 7 króna afsláttur** af eldsneytislítranum til ÓB- og Olís-lykilhafa – og **tvöfaldir Vildarpunktar Icelandair** þar ofan á. **Afslátturinn er bæði á ÓB- og Olís-stöðvum og gildir einnig fyrir Staðgreiðslukort Olís.**

**Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð.**




ICELANDAIR SAGA CLUB



Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.

ÓB

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# FRÁBÆRT á grillið

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!





**1398 kr. kg**
Piparmarinerað lambalæri



**3498 kr. kg**
Lambafille með fituröndð





**2298 kr. kg**
Krónu kjúklingabringur



**35% afsláttur**

**2989 kr. kg**
Verð áður ~~4898~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent



**30% afsláttur**

**1098 kr. kg**
Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Grísahnakkasneiðar, úrbeinaðar, kryddaðar eða ókryddaðar



**1978 kr. kg**
SS Mexíkó grísakótilettur



Þarf aðeins að hita!

**449 kr. fatan**
Holta kjúklingavængir, BBQ og Buffalo, 800 g





10 í pk.

**389 kr. pk.**
Krónu pylsur, 10 stk. í pk., 513 g





## Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## – komdu og gerðu frábær kaup!

Coca-Cola

Grillþrenna bragðast betur með

KRÓNAN

# Grillbomba

1 flaska af Coca-Cola 2 L

+

1 bakki af Grillþrennu

**SNÖGGI GRILLARINN**
+ 2L COKE FYLGIR MEÐ
**1598** kr./kg

**STEIKAR-GRILLARINN**
+ 2L COKE FYLGIR MEÐ
**1998** kr./kg

**FLOTTI GRILLARINN**
+ 2L COKE FYLGIR MEÐ
**2198** kr./kg

4 í pk.
SMÁ BORGARI
**749** kr. pk.
Goða Smáborgari, 4x60 g ungnautaborgari og 4 hamborgarabrauð

2 í pk.
HEIMS BORGARI
**898** kr. pk.
Goða Heimsborgari, 2x120 g ungnautaborgari, beikon, ostur og 2 hamborgarabrauð

2 stórir í pk.
STÓR BORGARI
**749** kr. pk.
Goða Stórborgari, 2x200 g ungnautaborgari

**249** kr. pk.
Íslandskex, heilhveitikex, 250 g

**289** kr. pk.
Stjörnu ostapuffs, 150 g

**327** kr. pk.
Pik-Nik kartöflustrá, 113 g

**79** kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslensk kosningalög samræmast ekki samningi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að:

## Fatlað fólk geti kosið með reisn

Rétturinn til að kjósa telst til grundvallarréttinda borgara í lýðræðisríki. Miklu skiptir því að staðið sé að kosningum þannig að hver einasti borgari með kosningarétt geti nýtt kosningarétt sinn með fullri reisn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem undirritaður er af Íslandi, en ekki lögfestur þó, kveður meðal annars á um stjórnmálaleg réttindi fatlaðs fólks og tækifæri til að njóta þeirra til jafns við aðra. Í því felst að fötluðum sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi. Samningurinn kveður meðal annars á um „að fatlaðir geti látið vilja sinn óþvingað í ljós sem kjósendur og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk fatlaðra, að þeir njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði“.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Bent hefur verið á að blindir og þeir sem ekki geta notað hendur sínar eigi þess ekki kost að njóta aðstoðar einstaklings að eigin vali, persónulegs aðstoðarmanns eða fjölskyldumeðlims, við að greiða atkvæði. Þessum hópi fólks býðst aðeins aðstoð starfsmanns kjörstjórnar.

Fyrirkomulagið er í samræmi við íslensk lög um kosningar en stenst ekki samninginn um réttindi fatlaðs fólks. Innanríkisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd kosninga og raunar heyra mannréttindamál einnig undir það ráðuneyti. Segja má að innanríkisráðuneytinu sé þarna nokkur vorkunn; lögin kveða skýrt á um að þeir sem ekki geti kosið sökum sjónleysis eða vegna þess að þeim sé hönd ónothæf eigi að geta fengið aðstoð kjörstjóra í einrúmi. Hins vegar var það meðal raka fyrir ógildingu Hæstaréttar á stjórnlagaþingskosningunum að ekki væri á færi stjórnvalda að víkja frá skýrum fyrirmælum laga um kosningar. Frávik frá lögum gæti þannig orðið til að ógilda kosningarnar.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra biður þá er málið varðar afsökunar í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. Það er virðingarvert af ráðherra. Hann segist einnig þegar í haust munu leggja fram frumvarp til breytingar á kosningalögum til samræmis við samninginn um réttindi fatlaðs fólks.

Sigurður Kári Kristjánsson flutti raunar frumvarp til breytinga á kosningalögum í anda samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks í aðdraganda kosninga til stjórnlagaþings árið 2010-2011. Það frumvarp var efnislega samhljóða frumvörpum sem lögð höfðu verið fram í tvígang sex og sjö árum fyrr. Þrisvar sinnum hefur slíkt frumvarp því legið fyrir þinginu án þess að hljóta þar brautargengi. Vonandi fer ekki eins um frumvarp innanríkisráðherra.

Íslendingar undirrituðu Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fyrir liðlega fimm árum. Samningurinn hefur enn ekki verið fullgiltur en fullgilding ber með sér að laga þarf íslensk lög að ákvæðum samningsins. Kosningalögin eru eitt dæmi um lög sem verður að breyta þegar samningurinn verður lögfestur sem verður vonandi brátt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

krakkasíðan

*krakkar@frettabladid.is*




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Upp**

Á Íslandi á fólk stundum erfitt með að koma sér saman um hluti – til dæmis hvernig það hefur það og af hverju. Hagfræðiprófessorinn Gylfi Zoëga segir að okkur líði vel. Kreppan sé búin og hér sé blússandi uppgangur. Steingrímur J. Sigfússon tekur undir og segir það sýna að stjórnvöld séu á réttri leið. Bjarni Benediktsson er sko aldeilis ekki á því. Hann segir að vissulega séum við á uppleið en stjórnvöld séu samt í tómu rugli. Hagsældin sé fyrst og fremst því að þakka að sjávarútvegur og iðnaður standi með eindæmum vel og ferðamönnum fjölgi hér stöðugt.



**Niður**

Svo eru sumir sem segja að Gylfi hafi hreint ekki rétt fyrir sér – við séum enn á botninum, eða hreinlega á leið til glötunar. Í ljósi orða Bjarna er athyglisvert að þeir sem einkum tala þannig eru forsvarsmenn útgerðarinnar og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, regnhlífarsamtaka bæði iðnaðarins og ferðamennskunnar.



**Fyndið**

Það er skemmtileg dægradvöl að smíða uppnefni á fólk og hópa. Fjölmiðlamaðurinn Gunnar Smári Egilsson bryddar upp á einu slíku á Facebook-síðu sinni um fjóra af frambjóðendunum til embættis forseta – þau Herdísi Þorgeirsdóttur, Ara Trausta Guðmundsson, Hannes Bjarnason og Andreu Ólafsdóttur. Þau eiga það sameiginlegt að eiga úr þessu litla möguleika á að ná kjöri, og hljóta því í meðförum Gunnars Smára viðurnefnið HAHA-frambjóðendurnir.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Jákvæð samræða eða dómharka og stimplun?

Forsetaframboð



Kristín Linda Jónsdóttir
ritstjóri

Nú kjósum við. Við Íslendingar erum svo lánsamir að búa við lýðræði og nú er það verkefni okkar, hvers og eins, að kjósa þann einstakling sem við sjálf viljum sem forseta Íslands.

Kosningabaráttan er í hámarki í samfélaginu öllu, allt frá kaffistofum og eldhúsborðum til fjölmiðla og stræta. Fólk tekst á, leitar leiða til að sannfæra hvert annað, vinna félagana á sitt band, afla atkvæða fyrir sinn frambjóðanda.

Þetta ferli getur verið ljómandi skemmtilegt, umræðan gagnleg og hleypt lífi í hversdaginn en það getur líka tekið á, dregið niður, skapað neikvæðni og átök. Ekki aðeins fyrir frambjóðendur og hörðustu stuðningsmenn þeirra heldur alla. Því að þrátt fyrir allt tal um nýtt Ísland, þjóðfundi og ný gildi getum við, þessi fámenna þjóð á eyjunni í Atlantshafi, sýnt samferðamönnum okkar, hvert öðru, ótrúlega neikvæðni, fyrirlitningu og virðingarleysi, ekki síst þegar kemur að kosningum. Sá sem ekki kýs A heldur B er dæmdur og flokkaður í stað þess að virðing sé borin fyrir skoðunum hans og gildum. Þetta er áberandi í samfélagi nútímans þar sem aðgangur að netmiðlum er óheftur og fólki gefst auk þess kostur á að hringja í fjölmiðla og tjá sig dag hvern.

Við berum öll ábyrgð á að móta samfélagið og koma þannig fram við samferðamenn okkar að þeir geti verið stoltir af sínum lýðræðislegu skoðunum þó þær séu aðrar en okkar. Klínum ekki merkimiðum á skoðanir annarra og drögum úr dómhörkunni! Sýnum hvert öðru þá virðingu að virða lýðræðislegt frelsi okkar sem einstaklinga til að kjósa þann frambjóðanda sem við sjálf viljum án þess að uppskera andúð, fordóma og virðingarleysi frá fólkinu sem við umgöngumst. Það sýnir hvorki víðsýni, umburðarlyndi né mannúð að fordæma val annarra og stimpla þá og flokka sem lakari eða óskynsamari þó þeir séu ekki á sama máli og þú. Það er bæði þröngsýni og hroki að líta niður á þá samferðamenn sem eru þér ósammála og það á ekki aðeins við í þessum kosningum heldur öllum. Kjarni lýðræðisins er rétturinn til að hafa skoðun, vera ósammála, en lifa í sátt og virða samferðafólk sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Til hamingju með sigurinn, Ástþór

Í DAG



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Þegar sitjandi forseti var fyrst kosinn í embætti hafði ég ekki kosningarétt og hafði raunar einungis haft íslenskan ríkisborgararétt í sex vikur. Í þeim kosningum buðu sig annars vegar fram fjórir frambjóðendur sem kepptust við að máta sig við hlutverk forseta sem „sameiningartákn þjóðarinnar“ og hins vegar einn sem hafði öllu róttækari hugmyndir um embættið. Sá ætlaði að berjast fyrir friði í heiminum og vísa umdeildum lögum hiklaust í þjóðaratkvæði. Hann hét Ástþór Magnússon og endaði með 2,7% atkvæða.

Auðvitað væri það langsótt söguskýring að halda því fram að Ástþór hafi með framboðum sínum 1996 og 2004 breytt forsetaembættinu. Heiðurinn af þeim breytingum á Ólafur Ragnar Grímsson nokkuð skuldlaust. Hins vegar verður ekki sagt að þær fyrirætlanir Ólafs að virkja völd embættisins og gera það pólitískara hafi verið ljósar í kosningabaráttunni fyrir sextán árum. Þótt vissulega hafi þá eitthvað verið rætt um synjunarvald forseta og hlutverk hans sem öryggisventils, var athyglin á fortíð Ólafs Ragnars öllu meiri. Sú skoðun að hann væri umdeildur stjórnmálamaður og gæti því ekki ræktað hlutverk sitt sem „sameiningartákns“ hafði mun meira vægi í umræðunni en skoðanir hans á valdheimildum embættisins. Enda var ekkert sem benti þá til að þær væru róttækar. Allavega ekkert mjög róttækar miðað við hugmyndir Ástþórs.

### Forseti til alls

Í því litrófi skoðana sem núverandi forsetaframbjóðendur hafa á hlutverki embættisins væri Ástþór Magnússon eiginlega miðjumaður. Skoðum áhersluatriði hans. Í fyrsta lagi lofaði hann því að hann myndi vísa umdeildum málum í þjóðaratkvæði ef hann teldi ekki meirihlutavilja fyrir þeim meðal þjóðarinnar. Mér sýnist bæði Andrea og Ólafur vera nú á svipaðri línu, þ.e.a.s. að málskotsrétturinn sé ekki einungis bremsa sem beri að nota í algerri neyð, heldur sé fullkomlega réttlætanlegt að nýta hann til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslur um átakamál.

> Í því litrófi skoðana sem núverandi forsetaframbjóðendur hafa á hlutverki embættisins væri Ástþór Magnússon eiginlega miðjumaður. Skoðum áhersluatriði hans. Í fyrsta lagi lofaði hann því að hann myndi vísa umdeildum málum í þjóðaratkvæði ef hann teldi ekki meirihlutavilja fyrir þeim meðal þjóðarinnar.

Í öðru lagi vildi Ástþór nota embættið í þágu friðarmála. Það er ekkert nýtt að forsetar hafi sín áherslusvið. Vigdís studdi skógrækt og Ólafur Ragnar notaði embættið til að (ef við notum hlutlaust orðalag) kynna íslenskt viðskiptalíf á erlendri grundu. Áhersla á hernaðarlegt hlutleysi ætti raunar í okkar stjórnskipan að vera ákveðin af þingstuddri ríkisstjórn en, aftur, sú skoðun að forsetinn hefði talsvert frelsi í mótun eigin utanríkisstefnu virðist nú ekki lengur vera jaðarskoðun meðal frambjóðenda (þ.m.t. sitjandi forseta).

Minnst tveir frambjóðendur til forseta virðast þannig hafa sömu eða róttækari hugmynd um valdsvið forseta en Ástþór hafði árið 1996. Þau ræða um það af fullri alvöru að forseti geti rofið þing, jafnvel án aðkomu forsætisráðherra. Rætt er um að forseti hafi sjálfstætt vald til að leggja fram frumvörp fyrir þingið, og sumir telja jafnvel sniðugt að hann geri það. Andrea hefur meira að segja lýst því yfir að hún myndi reka nokkra ráðherra úr ríkisstjórninni. Hver veit, kannski munu menn í næstu forsetakosningum ekki lengur rífast um hvort þetta sé hægt, heldur hvaða ráðherra hafi verið rétt hjá Ólafi að reka?

Breyttar leikreglur breyta leiknum. Í umræðu um fyrri Icesave-samninginn gerðist það að sumir þingmenn (t.d. Ásmundur Einar) kusu með lögunum um leið og þeir hvöttu forsetann til að hafna þeim. Þingmenn gátu því vísað ábyrgðinni á forsetann og forsetinn gat vísað henni á þjóðina. En kannski hefði forsetinn ekki þurft að grípa til málskotsins ef þingmenn hefðu vitað að ákvörðun þeirra væri sannarlega endanleg?

### Draumur um bjargvættinn

Norðurlöndin virðast ágætisstaður til að búa á. Hið norræna þingræði byggir á sterkum þingum, samsteypustjórnum og ákveðnu jafnvægi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Hlutverk þjóðhöfðingja í því kerfi hefur hingað til helst til verið formlegt og þótt annars konar stjórnkerfi gæti vel gengið þá er það ekki það kerfi sem við á Norðurlöndunum höfum búið við. Það er að einhverju leyti skiljanlegt að sumir frambjóðendur vilji, líkt og Ástþór forðum, ná eyrum fólks með því að ætla að virkja flest völd embættisins, auðvitað „til góðs“.

Hugmyndin um réttsýnan og valdamikinn forseta kann að vera aðlaðandi. En pössum okkur á því hvers við óskum okkur.

## AF NETINU

### Búin kreppa?

Þau eru athyglisverð orð Gylfa Zoëga að kreppan sé búin á Íslandi. Gylfi er sá íslenskur hagfræðingur sem nýtur einna mestrar virðingar.
Ísland hefur verið mikið í fréttum síðustu árin og þetta er mjög í samræmi við það sem sagt er um Ísland erlendis – það sem fólk hafði frétt frá Íslandi 2009 var um landið sem hrundi, 2010 var það neiið við Icesave, 2011 voru það eldgos og í ár er aðallega talað og spurt um landið sem er að ná sér betur út úr kreppu en önnur ríki.
Fólk verður heldur hissa þegar það heyrir að á Íslandi sitji ein óvinsælasta ríkisstjórn allra tíma. Það er spurning hvort hún muni einhvern tíma njóta efnahagsbatans?
http://eyjan.pressan.is/silfuregils/
**Egill Helgason**

### Styðjum Freyju og hennar fólk

Um leið og það hefur vakið óánægju hjá mér að ekki skuli orðið við beiðni blindra og fatlaðra varðandi þann grundvallarrétt að nýta kosningarétt sinn lýsi ég yfir sérstakri ánægju minni með frábært starf og baráttu Freyju Haraldsdóttur. Einn hluti þess starfs var unninn í stjórnlagaráði þar sem Freyja vann eitt af afrekum sínum og hafði áhrif.
Hún flutti áhrifamikla stefnuræðu á einum fundi ráðsins og vakti aðdáun okkar allra.
Nefna má annan fulltrúa í Stjórnlagaráði sem vakti aðdáun mína vegna óvenjulegra aðstæðna hans.
Það er Erlingur Sigurðarson sem býr við erfiða fötlun að vegna Parkinsonsjúkdóms.
Þrátt fyrir þessa erfiðleika vann Erlingur frábært starf í ráðinu.
http://omarragnarsson.blog.is
**Ómar Ragnarsson**



# Þjóðaratkvæði um fiskveiðistjórnun

Sjávarútvegsmál
Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar liggur óafgreidd á Alþingi. Auk mín standa níu þingmenn Samfylkingarinnar að tillögunni, sem ég hef nú flutt tvívegis án þess að hún hlyti afgreiðslu. Tillagan er um að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem bornar verði upp grundvallarspurningar um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi, þjóðareign á auðlindinni, innköllun og endurúthlutun aflaheimilda o.fl.

Ég tel brýnna nú en nokkru sinni að leita álits þjóðarinnar á þeim grundvallaratriðum sem að er stefnt með breytingum á kvótakerfinu, nú þegar ríkisstjórnin hefur, eftir harðvítugt málþóf stjórnarandstöðunnar, neyðst til þess að fresta afgreiðslu frumvarps um. Samráð fámenns hóps þingmanna úr Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki, Samfylkingu og VG, sem sett hefur verið til verka við endurskoðun frumvarpsins, er ekki nægjanleg trygging fyrir farsælum lyktum þessa umdeilda máls.

Stjórnarsáttmálinn kveður á um mikilvægi þess að standa vörð um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Í þeim anda er heitið breytingum á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi með það að markmiði að fiskveiðar umhverfis landið séu hagkvæmar og skapi verðmæti og störf en séu jafnframt sjálfbærar og vistvænar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um verndun vistkerfa, lífríkis og hafsbotns. Því er heitið að með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá verði undirstrikað að fiskstofnarnir umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar, enda segir í 1. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildunum. Þá er því einnig heitið að brugðist verði frekar við áliti mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins.

Frá því stjórnarsáttmálinn var gerður hafa tveir ráðherrar lagt fram frumvörp að breyttu fiskveiðistjórnarkerfi. Hafa þau mætt harðri mótspyrnu frá LÍÚ og málsvörum þeirra á Alþingi, og því hefur hvorugt frumvarpið verið útkljáð – annað var dregið til baka, og nú hefur hinu síðara verið frestað og það tekið til endurskoðunar.

Hins vegar hafa skoðanakannanir sýnt ríkan vilja meðal þjóðarinnar til þess að fyrirheit ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu nái fram að ganga.

Í ljósi þeirra hörðu deilna sem uppi hafa verið um málið, er ekki seinna vænna að fá úr því skorið hver þjóðarviljinn er í þessu efni.

Íslenskur sjávarútvegur á að gegna lykilhlutverki við þá endurreisn atvinnu- og efnahagslífsins sem fram undan er. Mikilvægt er að skapa greininni góð rekstrarskilyrði og treysta rekstrargrundvöllinn til langs tíma. En það er ekki síður mikilvægt að samfélagsleg sátt náist um stjórn fiskveiða. Slík sátt getur aldrei náðst á grundvelli samkomulags fáeinna stjórnmálamanna við hagsmunaaðila í greininni.

> Í ljósi þeirra hörðu deilna sem uppi hafa verið um málið, er ekki seinna vænna að fá úr því skorið hver þjóðarviljinn er í þessu efni.

Öllum má ljóst vera að ekki verður undan því vikist að efna fyrirheit stjórnarflokkanna um breytingar á fiskveiðistjórninni. Breytingarnar verða að vera í sátt við þjóðina, og því ekki nema sanngirniskrafa að hún fái að tjá hug sinn í þessu mikilvæga máli.

Ríkisstjórnin ætti því að láta það verða sitt fyrsta verk að undirbúa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og láta orða þær spurningar sem æskilegt er að þjóðin svari, áður en málið verður leitt til endanlegra lykta.







FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?
vísir - oft á dag

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GRÆNT ER GOTT

**Grænt kál eins og spergilkál, grænkál og rósakál auk annarra tegunda er ákaflega heilsusamlegt. Nú þegar salatið vex í mörgum heimilisgörðum ætti fólk að borða mikið grænt og fá í sig um leið nauðsynleg vítamín og andoxunarefni. Nýsprottið kál er veislumatur.**


EPSON

SKJÁVARPAR






MIKIÐ ÚRVAL AF SKJÁVÖRPUM FYRIR SKÓLA, FYRIRTÆKI OG HEIMABÍÓ UPPLIFUN Í STOFUNNI HEIMA.

EM TILBOÐ Á HEIMABÍÓ SKJÁVÖRPUM

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.





**KJÚKLINGALUNDIR Á SPJÓTI** Léttar og ljúffengar kjúklingalundir og ananas á grillspjóti. Fylgist með Kristjáni á ÍNN í kvöld grilla þenna kræsilega rétt. MYND/ERNIR EYJÓLFSSON

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Þór Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Nú býður hann grillaðar kjúklingalundir á spjótum í engifermarineringu.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka rétti með Holtakjúklingum frá Reykjagarði. Í dag býður hann upp á kjúklingalundir á spjótum í engifermarineringu, sírópsgljáðan ananas á spjóti ásamt girnilegu salati með bláberjum og gulum og rauðum paprikum. Léttur og skemmtilegur sumarréttur sem tilvalið er að skella á grillið í góðum félagsskap. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan kræsilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina, en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, ***www.inntv.is***.



## KJÚKLINGUR Í KRYDDLEGI FYRIR 4

**2 bakkar kjúklingalundir frá Holta**
**1 flaska Hot Shop-engifersósa**
**50 grömm ferskt engifer**
**Ólífuolía**
**Tréspjót**

**Aðferð**
**Ferskt engifer saxað niður og blandað saman við ólífuolíu og engifersósu. Lundirnar látnar liggja í leginum í um 40 mín., þræddar á spjótin og grillaðar á hæsta hita.**

**GRILLAÐUR ANANAS**
**1/2 ananas**
**Síróp**
**Tréspjót**

**Aðferð**
**Ananasinn afhýddur og kjarnhreinsaður, skorinn í langar sneiðar, þræddur upp á spjót, penslaður með sírópi og grillaður.**

**SALAT**
**1 poki veislusalat frá Hollt og gott**
**1/2 box bláber**
**2 paprikur, gul og rauð**
**Jómfrúarólífuolía**
**Dijon-sinnep**

**Aðferð**
**Paprikan smátt skorin og blandað saman við salatið og bláberin. Ólífuolían sett yfir ásamt dijon-sinnepinu.**




**SKÁLHOLTSTÓNLEIKAR**
Opnunarhátíð Sumartónleika í Skálholtskirkju fer fram nú um helgina, 30. júní til 1. júlí. Tónleikarnir fagna 37 ára afmæli nú í ár. Sumartónleikarnir hefjast á morgun klukkan þrjú með tónleikum Skálholtskvartettsins sem flytur Strengjakvartett í Es-dúr eftir F. Schubert og „Kvintakvartettinn“ eftir F.J. Haydn. Tveimur tímum síðar heldur Tríó Jaaps Schröder tónleika sem kallast Tvær aldir af tríóum. Þar verða flutt tríó frá miðri sautjándu öld fram á miðja nítjándu öld. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Stradella, Sammartini, Haydn og J. Strauss eldri. Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427



# VÖLUNDUR Á MÁLM OG TRÉ

**LOKASPRETTUR** *Listamaðurinn Magnús Theódór Magnússon eða Teddi, eins og hann er kallaður, lýkur sýningu á verkum sínum í Perlunni á morgun.*

Teddi er 77 ára gamall og unir sér vel á vinnustofu sinni á Kjalarnesi. Efniviðurinn sem hann notar er fjölbreyttur og oftast með sögu að baki. „Ég vinn mest með tré og sæki það víða. Til dæmis eru tíu verk á sýningunni sem unnin eru úr þingvíði sem Tryggvi Gunnarsson gróðursetti í Alþingisgarðinum í lok 19. aldar, koparverk úr skipsskrúfu af skipi sem strandaði á Bessastöðum 1940 og verk úr þyngsta viði heims, sem er járnviður.“

Teddi fer ekki varhluta af efnahagsástandinu, það endurspeglast í sölunni á verkunum. Hann segir andlega deyfð vera yfir stórum hluta Evrópu. „Ég hef selt fyrir milljónir í gegnum árin og dansað tangó við ríka fólkið áður en útfararvíkingarnir, eins og ég vil kalla þá, gengu frá þjóðinni. Það er minni sala núna en á liðnum árum. Ég finn það á fólki í Norður-Evrópu, sem við erum andlega tengd, að það á líka í erfiðleikum.“

Teddi segist þó ekki skapa list peninganna vegna heldur sé þetta frumþörf sem hann hafi engin völd yfir. Listagyðjan kalli og hann svari því kalli glaður. Aðspurður um ferli sýningarinnar og tilfinningarnar sem fylgi því segir Teddi að það sé alltaf tilhlökkun að sýna en nú sé hann feginn að vera að taka saman.

„Það er auðvitað galið að leggja í alla þessa vinnu og búa til öll þessi verk fyrir örfáar hræður,“ segir Teddi og hlær. Hann hefur ávallt mörg járn í eldinum og hugmyndirnar flæða í gegnum hann. Um þessar mundir eru hrunið og búsáhaldabyltingin honum hugleikin og nokkur stór verk að gerjast í undirmeðvitundinni sem tengjast þeirri atburðarrás. Nái fólk ekki á sýninguna í Perlunni er hægt að skoða verk Tedda á vinnustofu hans á Kjalarnesi. Þar er fólk boðið velkomið og jafnvel fylgir kaffibolli með. Einnig er hann með heimasíðuna www.teddi.net þar sem allar upplýsingar er að finna um hann sjálfan og verk hans.

vidir@365.is

**LIST MEÐ SÖGU** Magnús Theódór Magnússon hefur verið með sýningu í Perlunni en henni lýkur á morgun. MYND/ANTON







Útsalan hefst í dag kl: 13:00
30-70% afsláttur.
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rolo.is • Facebook
RÓLÓ

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP
BESTU BROTIN ÚR ÞÁTTUM FM 957
FM957
vísir - oft á dag

OSUSHI **LUXUS** VEISLA

1

60 blandaðir sushi bitar.
verð kr. 8900,-

2

Sticks bakki með 60 bitum.
verð kr. 10.900,-

3

42 blandaðir sushi bitar
2 laxa tartar, 2 túnfisk tartar.
Verð 10.900,-

4

52 blandaðir sushi bitar
2 laxa sashimi, 2 tuna sashimi
1 laxa tartar.
Verð kr. 11.900,-

5

Heit veisla!
35 heitir bitar.
Verð kr. 5750,-

6

Lítil veisla!
54 blandaðir litli maki bitar
12 laxa nigiri.
Verð kr, 7000,-

THE TRAIN SUSHI
WWW.OSUSHI.IS
PÓSTHÚSSTRÆTI 13 / BORGARTÚN 29 / SÍMI: 561 0562

29. JÚNÍ 2012

# Lífið

ÍSLENSK MYND Í ÍTALSKA VOGUE

IÐNAÐARLJÓS FYRIR HEIMILIÐ

KUNNUGLEG ANDLIT Á LANDSMÓTI



# HESTAMENNSKAN SVO MIKLU MEIRA EN BARA ÁHUGAMÁL

## UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR UM ÁSTRÍÐUNA FYRIR HESTAMENNSKU, FJÖLSKYLDUNA OG FRAMTÍÐINA

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það var þétt setið á 101 bar síðastliðið fimmtudagskvöld en stjörnusminkan **Elín Reynisdóttir** eyddi þar kvöldinu ásamt þeim Birnu Björnsdóttur, danshöfundi, systur hennar **Selmu Björnsdóttur,** sem kom beinustu leið úr leikhúsinu, og fleiri góðum vinum. Einnig mátti þar sjá ljósmyndarann Björgu Vigfúsdóttur, hönnuðinn Steinunni Völu Sigfúsdóttur og síðast en ekki síst þokkagyðjuna og sjónvarpskokkinn **Padma Lakshmi** sem dvalið hefur hér á landi síðustu daga.










Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Sigurjón Ragnar
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Klæðnaður Unnar: Verslunin Geysir
Förðun Unnar: Hanna Mæja Hestur á mynd: Hróarr frá Vatnsleysu




Sjá nánar á visir.is/lifid

Þórunn Hulda Vigfúsdóttir, Björg Vigfúsdóttir og Guðríður Svana Bjarnadóttir.



María Dalberg leikkona og María Sigrún Hilmarsdóttir fréttakona.



Aðalheiður Karlsdóttir ásamt dóttur sinni.

# KÁTAR KONUR Á KJARVALSSTÖÐUM

**Glæsileikinn var allsráðandi á Kjarvalsstöðum á dögunum þar sem hinn frægi förðunarfræðingur Claude Defresne hjá Clarins kynnti nokkur förðunarráð og sýndi létta sumarförðun.**

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR



Claude Defresne





Lára Guðrún Jónsdóttir og Edda Gísladóttir ásamt vinkonu.



Jóhanna Björg Christensen, ritstjóri Nude, og vinkona.



Unnur Steinsson í góðum félagsskap.






## KUNNUGLEG ANDLIT Á LANDSMÓTI



Fjöldi þjóðþekktra einstaklinga er staddur á Landsmóti hestamanna í Víðidal. Dorrit Moussaieff forsetafrú, Lilja Pálmadóttir athafnakona, Telma Tómasson fréttamaður Stöðvar 2, Óskar Magnússon lögmaður og frú, Helgi Björnsson söngvari og Katrín Pétursdóttir framkvæmdastjóri Lýsis hf. njóta þess að fylgjast með helstu gæðingum landsins í veðurblíðunni en á sjötta þúsund manns eru nú þegar samankomnir á mótinu og búist er við því að fjöldinn aukist um helgina, enda er gert ráð fyrir bongóblíðu.

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME

# SUMAR OG SÓL

## í The Pier!

Líttu á verðið!!

Frábær fjölskyldusófi á flottu verði!

Friday sófi
Ótrúlegt verð!
159.900.-



Stærð:
210 x 324 x 130 cm

3 fyrir 2 af glösum



Púðar 3 fyrir 2

Mikið úrval af púðum!





Spegill 5990.-
80x60 cm
Fjórir litir: silfur, gull, hvítur og svartur

25% af sumrinu!



25%



Finndu okkur á Facebook!

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



Unnur og Hafliði Halldórsson, fjórðungsmót 1996.



Ég, tólf ára, og mamma að taka þátt í firmakeppni Fáks árið 1996.



Unnur og Hrafn frá Rip á landsmóti 1998, á Melgerðismelum.
MYNDIR/EINKASAFN

# NÁNDIN OG SAMSPILIÐ VIÐ HESTINN ER ENGU LÍKT

**UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR**
**ALDUR:** 28 ára.
**STARF:** Lögfræðingur hjá Íslensku lögfræðistofunni.
**MENNTUN:** Meistarapróf í lögfræði.
**MAKI:** Pétur Rúnar Heimisson.
**BÖRN:** Erla Rún og Lilja Karitas Pétursdætur.
**LÍFSTÍLL:** Lífi heilbrigðu og hamingjusömu fjölskyldulífi.

**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir upplifði sitt fyrsta landsmót aðeins tólf ára gömul og hefur hún haft mikla unun af öllu sem tengist hestamennsku síðan þá. Það lá því vel við að hitta Unni á Landsmóti hestamanna sem haldið er í Víðidal í ár.**

**Hver er þín fyrsta reynsla (minning) af hestamennskunni?** Ég á óteljandi minningar úr hestamennskunni og geri mér litla eða enga grein fyrir því hverjar eru þær fyrstu. Svo mikinn tíma og rúm hefur hestamennskan tekið í mínu lífi síðan ég man eftir mér. Ég man þó eftir fyrsta hestinum sem ég byrjaði almennilega að brúka og keppa á, Garpi frá Skollagróf. Á honum fór ég fyrstu alvöru útreiðartúrana ásamt því að keppa á innanfélagsmótum hjá hestamannafélaginu Fáki. Garpur reyndist okkur fjölskyldunni afskaplega vel, var barnvænn og þægur fjölskylduhestur og mikill töltari.

**Hvenær fórstu fyrst á landsmót og hvernig var upplifunin?** Mitt fyrsta stórmót var fjórðungsmót 1996 á Gaddstaðaflötum á Hellu. Það var þá nánast eins og landsmót en fyrir árið 1998 var landsmótið aðeins haldið á fjögurra ára fresti og fjórðungsmót þess á milli, einnig á fjögurra ára fresti. Ég keppti í barnaflokki á fjórðungsmótinu 1996 og gekk stórvel, endaði í 2. sæti á hryssunni Svertu frá Stokkhólma og stoltið var mikið. Það var þó einn maður sem var nánast stoltari en ég en það var hinn margfrægi hestamaður Hafliði Halldórsson sem hafði verið plataður af mömmu og pabba til að taka okkur Svertu í smá þjálfun fyrir þetta mót. Gelgjutilburðir snemma á unglingsárunum gerðu það nefnilega að verkum að mér þótti erfiðara að taka tiltali og leiðbeiningum frá foreldrum mínum heldur en öðrum.

Hafliði var frábær en strangur þjálfari og hittumst við í Víðidalnum alla daga sama hvernig viðraði og fórum í gegnum alls konar æfingar. Þar á meðal voru jafnvægisæfingar þar sem hann setti merina í langa tauma og mig hnakklausa á bak og hljóp á eftir okkur um hesthúsahverfið. Þá spennti hann léttikerru á merina og sat sjálfur í kerrunni og keyrði um á meðan ég dinglaði hnakklaus á merinni sjálfri. Hestamenn í hverfinu ráku upp stór augu og hvorki fyrr né síðar, svo ég viti til, hafa slíkar aðferðir verið notaðar. En þær skiluðu sér svo sannarlega og kann ég Hafliða bestu þakkir fyrir. Hann kenndi mér margt og mikið og gerði mig að þeim öfluga reiðmanni sem ég var á mínum yngri árum.

Eftir fjórðungsmót 96 varð ekki aftur snúið og áhuginn meiri en

Framhald á síðu 6



Unnur og Hróarr frá Vatnsleysu á landsmóti í Víðidal.
MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR




Lolita.is
.... best geymda leyndarmálið
Full verslun
af fallegum
fatnaði og
fylgihlutum..
Lolita.is Trönuhraun 2 , 220 Hafnarfjörður
Opnunartími: þriðjudaga - föstudaga 14.00 - 18.00
laugardaga 12.00 - 16.00
Sendum hvert á land sem er
Tízkuverslun & Netverslun
s: 544 5554
www.lolita.is

## UPPÁHALDS

**TÍMARIT:** Finnst alltaf gaman að fletta erlendum glanstímaritum.

**HEIMASÍÐA:** Pinterest.com.

**VEITINGASTAÐUR:** Austur-Indíafjelagið.

**VERSLUN:** Geysir og KronKron.

**FATAHÖNNUÐUR:** Svo margir íslenskir hönnuðir sem koma upp í hugann, nefni til dæmis ELLU og BIRNU.

**DEKUR:** Elska nudd, sérstaklega höfuðnudd.

**LÍKAMSRÆKT:** Jóga.


SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



VERTU VELKOMMINN Á SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305









Framhald af síðu 4

nokkru sinni fyrr. Fyrsta landsmótið sem ég sótti og keppti á var árið 1998 á Melgerðismelum í Eyjafirði. Þar keppti ég á fermingargjöfinni minni, Hrafni frá Ríp, en við áttum farsælan keppnisferil saman í nokkur ár. Ég tók svo einnig þátt í landsmóti í Reykjavík árið 2000 og á Vindheimamelum í Skagafirði árið 2002. Síðan þá hef ég farið sem gestur á landsmót og ekki misst úr mót nema í fyrrasumar en þá var ég löglega afsökuð á fæðingardeildinni.

**Viltu lýsa fyrir okkur hvað þú færð út úr því að vera á hestbaki og að umgangast hesta?** Hestamennska fyrir mér er svo miklu meira en bara áhugamál. Ég er alin upp í þessu sporti og lærði að meta það mjög snemma. Nándin við náttúruna og nándin og samspilið við hestinn er engu líkt. Ég get ekki hugsað mér að bjóða fjölskyldunni minni upp á betra sport. Í því felst heilbrigð útivera og þroskandi ábyrgð á meðhöndlun og umönnun hestsins sem er jú lifandi dýr. Þá er það þannig í hestamennskunni að kynslóðabil skiptir engu máli. Í þessu sporti koma saman ungir sem aldnir, ræða málin og ríða út saman og aldur verður einhvern veginn afstæður.

Þó að áherslan virðist hafa verið á mót og keppnir á mínum yngri árum í hestamennskunni þá hafa hestaferðir alltaf staðið upp úr og eru langir útreiðartúrar og hestaferðir toppurinn á tilverunni í dag. Það er bara engu líkt að setjast í hnakkinn úti í náttúrunni og leggja af stað í nokkurra daga hestaferð. Þá, ef nokkurn tímann, tekst manni að skilja allar heimsins áhyggjur eftir heima og njóta lífsins til hins ýtrasta.

**Hvenær eignaðist þú fyrsta hestinn þinn?** Ég hef átt nokkra hesta. Minn fyrsta hest fékk ég í fermingargjöf árið 1997. Hann hét eins og áður sagði Hrafn frá Ríp. Síðar eignaðist ég hest úr eigin ræktun fjölskyldunnar, Tind frá Brekkum, sem fylgdi mér í gegnum menntaskólaárin og fram yfir tvítugt. Árið 2009 eignaðist ég svo Topp frá Litla-Moshvoli, sem er mikill gæðingur og kemur til með að vera minn framtíðarreiðhestur þó að ég hafi ekki getað sinnt honum sem skyldi síðustu misseri vegna heimshornaflakks og barneigna. Hann hefur þó verið í góðum höndum bróður míns, Steinars Torfa, á meðan.

**Hvernig gengur útivinnandi móður að sinna hestaíþróttinni?** Það hefur í raun ekki reynt á það enn þá en þegar ég lauk námi nú í vor og dóttir mín, Erla Rún (1 árs), hóf leikskólagöngu var komið að því að sleppa þeim hrossum sem höfðu verið á húsi í vetur út á grænt gras. Við hjónaleysin erum hins vegar búin að bóka okkur í eina hestaferð á Snæfellsnesið í júlí og hlökkum mikið til.

**Hafa stelpurnar ykkar fengið að kynnast hestunum?** Erla hefur fengið að tylla sér á bak ásamt systur sinni, Lilju Karitas, sem hefur mikinn áhuga. Ég held hins vegar að Erla Rún átti sig lítið á þessum stóru skepnum og á því hversu stóra rullu þær munu að öllum líkindum spila í hennar lífi. Ég vona að ég komi til með að geta gefið henni þessa heilbrigðu og jákvæðu æsku sem ég upplifði í hestamennskunni með mömmu og pabba.

**Talandi um að vera útivinnandi. Hvað starfar þú við í dag?** Ég starfa sem lögfræðingur hjá Íslensku lögfræðistofunni. Þar hóf ég störf strax eftir að ég lauk námi í vor og held áfram að læra af mér reyndari körlum og konum í faginu. Þetta er frábær vinnustaður, góður starfsandi og nóg að gera.

**Hefur þú tíma fyrir önnur áhugamál?** Tíma og ekki tíma. Eins og ég segi, þá er hestamennskan svo miklu meira en bara áhugamál og í mínu tilfelli er það einfaldlega svo að ég hef ekki áhuga á að tína til eða sinna öðrum áhugamálum þegar hestamennskan hefur ekki einu sinni fengið þann tíma sem ég vildi geta gefið henni.

## ” Ég vona að ég komi gefið henni þessa he kvæðu æsku sem ég mennskunni með mö





MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR

til með að geta
eilbrigðu og já-
g upplifði í hesta-
ömmu og pabba.



**Nú hefur þú starfað í sjónvarpi. Er það eitthvað sem þú hefur áhuga á að gera í framtíðinni, jafnvel tengt hestamennskunni?** Já, ég starfaði þó nokkuð í sjónvarpi með náminu, gerði raunveruleikaþátt með Bubba Morthens og fleiri góðum fyrir Stöð 2, hestaþætti með Brynju Þorgeirs fyrir RÚV og tók svo að mér einstaka verkefni fyrir Skjá einn. Mér hefur alltaf fundist æðislega skemmtilegt og spennandi að starfa í sjónvarpi og gæti vel hugsað mér að gera meira af því í framtíðinni – ef réttu verkefnin bjóðast. Hver veit nema þau gætu tengst hestamennskunni.

**Hvað ætlar þú að gera með fjölskyldunni í sumar?** Það er eitthvað lítið sumarfríið sem nýútskrifaðir lögfræðingar fá, en við ætlum eins og ég segi að skella okkur í hestaferð eina helgina í júlí. Svo eru nokkrar útilegur planaðar sem og sumarhúsaferðir. Það mætti segja að við fjölskyldan lifum fyrir helgarnar eins og staðan er í dag og planið er því að njóta þeirra sem allra best með stelpunum okkar.

**Hvar sérðu þig eftir tíu ár?** Vonandi hamingjusamlega gift, sátt í starfi og með tvö börn í viðbót.


WELEDA KYNNIR:

Háralitur frá Colour & Care er fastur háralitur sem þekur grá hár og er án ammoníaks, inniheldur Argon olíu sem mýkir hárið.

Fæst í heilsuverslunum.







ÍSLENSKA SIA.IS MSA 59849 06/12

# ÍSLENSK LJÓSMYND Í ÍTALSKA VOGUE

**Lífið tók Díönu Bjarnadóttur, stílista, tali en hún er stílistinn á bak við ljósmynd sem rataði í ítalska Vogue á dögunum en ljósmyndin var tekin fyrir Oroblu-auglýsingu.**

„Ég er mjög stolt af þessari mynd og að hún hafi komist í Vogue en það var ljósmyndarinn Aldís Páls sem sendi ljósmyndina inn.

Þetta er önnur mynd Aldísar sem kemst inn í Vogue sem er mikill heiður fyrir alla þá sem standa að baki myndunum enda velur blaðið aðeins þær myndir sem skara fram úr.“

**Hvert er þitt hlutverk almennt sem stílisti?** „Sem stílisti ber ég listræna ábyrgð á auglýsingamyndatökunni og móta hugmyndina að verkefninu með viðskiptavininum og ljósmyndaranum. Einnig tek þátt í vali á fyrirsætum, hárgreiðslufólki og förðunarfræðingi.“

**Hvað þarf góður stílisti til að bera?** „Stílisti þarf að hafa ástríðu og þekkingu á tísku og hönnun, frjótt ímyndunarafl og vera skapandi í hugsun og skrefi á undan öðrum þegar kemur að stefnu og straumum tískunnar.“

**Hvernig verða hugmyndirnar til?** „Yfirleitt fylgi ég tilfinningunni þegar ég vinn verkefni. Hugmyndirnar koma til mín þegar ég er á ferðinni enda sé ég alls staðar í kringum mig myndefni, hvert sem ég fer; í fólki, náttúrunni, dýrum, börnum, verslunum, mörkuðum og fólkinu á götunum.

Ég er alltaf með myndavél eða iPhone-inn með mér en bestu hugmyndirnar koma þó yfirleitt til mín í svefni, eða undir morgun rétt áður en ég vakna.“

**Út frá hverju vannstu í Oroblu-tökunni?** „Fyrir Oroblu-myndatökuna var ákveðið að notast við íslenska náttúru, Kate Moss var fyrirmyndin og stemningin útilega. Þegar það kom svo að því að velja ljósmyndara hafði ég tekið eftir efnilegri ungri konu sem var svo til nýkomin heim úr námi en það var einmitt hún Aldís Pálsdóttir.

Til að fullkomna myndatökuna og útlitið sem ég var að leitast eftir þurfti ákveðinn fatnað sem er stílistans að finna til. Einnig hafði ég samband við tvo bræður sem eiga fínt safn bifreiða og útileigutækja en þeir voru svo sætir að lána okkur fallega Citröen-bifreið og eldstæðið sem sést einmitt á myndinni sem birtist í Vogue.“



Myndin sem birtist í Vogue, ljósmyndari Aldís Páls.



Díana með son sinn, Mikael Þór.

MYND/EINKASAFN



AUGLÝSING: SPORTLÍF KYNNIR

# GÓÐUR ÁRANGUR Á STUTTUM TÍMA

**Katrín Edda byrjaði að æfa fyrir sitt fyrsta fitness-mót fyrir rétt rúmu ári. Árangurinn hefur vægt til orða tekið verið ótrúlegur, en á þessum skamma tíma hefur hún tekið þátt í fjórum mótum og varð í fyrsta sæti á bikarmótinu í módel-fitness í fyrra.**

Katrín Edda Þorsteinsdóttir útskrifaðist síðasta laugardag með B.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands. Meðfram náminu hefur hún lagt stund á líkamsrækt af kappi og náð góðum árangri á skömmum tíma með miklum æfingum og hjálp frá Pink Fit-fæðubótarefnunum.

„Sportlíf styrkir mig og ég fæ öll þau fæðubótarefni sem ég þarf frá þeim. Mikilvægt er að huga vel að næringunni sem maður innbyrðir og Pink Fit-línan er góð til þess,“ segir Katrín. Á rúmu einu ári hefur hún keppt á fjórum módel-fitness mótum. Þar á meðal var bikarmót í nóvember 2011 þar sem hún lenti í fyrsta sæti og Íslandsmótið í fitness í apríl 2011 þar sem hún lenti í þriðja sæti. Árangurinn er því ekki slæmur miðað við að einungis rúmt ár er frá því að Katrín byrjaði að æfa fitness.




Katrín Edda mælir með Pink Fit boxi sem inniheldur 21 skammt af Ultra Loss Shake, Eat Control-töflurnar, Active Fat Burner-brennslutöflurnar og Pink Fit-brúsa. MYND/GVA



## Fimleikar

Áður en Katrín byrjaði í líkamsræktinni æfði hún fimleika, en fyrir nokkrum árum fótbrotnaði hún og varð að hætta. „Ég var vön stífum æfingum í fimleikum og vantaði eitthvað til að fylla upp í tómarúmið sem skapaðist. Líkamsræktin veitir mér þá útrás sem ég þarf og kom því í stað fimleikanna.“

## Æfingar

Katrín æfir alla jafna sex sinnum í viku undir leiðsögn Konráðs Gíslasonar, einkaþjálfara í World Class. Fyrir mót æfir hún tvisvar á dag og verður fjöldi æfinga þá 12-13 æfingar á viku. „Nú í sumar er ég að vinna í Heilsuhúsinu í Kringlunni og fer í ræktina um hálf sjö þegar ég er búin. Stundum tek ég aukabrennsluæfingar á morgnana ef ég nenni. Þegar ég æfi fyrir mót fer ég bæði kvölds og morgna.“

## Pink Fit og mataræði

Katrín notar Pink Fit-línuna frá Sportlífi og segir hana afar hentuga. „Hjá Sportlífi er hægt að fá svokallað Pink Fit-box sem inniheldur 21 skammt af Ultra Loss Shake, Eat Control-töflurnar, Active Fat Burner-brennslutöflurnar og Pink Fit-brúsa. Ég tek til dæmis Active Fatburn-fitubrennslutöflurnar sem auka grunnbrennslu líkamans. Í þeim eru L-carnitine, króm, grænt te og koffín ásamt fleiri efnum. Blandan er mjög fín til að minnka matarlystina, auka brennsluna og hraða efnaskiptunum.“

Annað mikilvægt fæðubótarefni sem Katrín tekur er Ultra Loss-prótínhristingur en einn skammtur af honum inniheldur aðeins 99 kaloríur og því sérstaklega hentugur fyrir þá sem vilja létta sig.

„Ég drekk hann alltaf á milli stóru máltíðanna en þegar ég æfi mikið bæti ég smá aukaprótíni út í. Hristingurinn kemur þannig í stað máltíða. Hann inniheldur öll helstu vítamín og steinefni auk prótíns, amínósýra og trefja sem bæta meltinguna og gefa seddutilfinningu. Það gæti verið erfitt í fyrstu að venja sig á að drekka einn hristing sem millimáltíð en ætti þó ekki að vekja svengdartilfinningu þar sem hann er fullur af góðri næringu. Ég gæti aldrei stundað alla þá hreyfingu sem ég stunda án nauðsynlegrar orku.“ Katrín tekur einnig Eat Control-trefjatöflur þrisvar á dag fyrir máltíð. „Þær eru með krómi sem jafnar blóðsykurinn. Insúlíntrefjarnar draga svo í sig vökva sem gerir það að verkum að maður finnur fyrr fyrir seddutilfinningu þegar maður borðar.“

Hvað mataræði snertir hefur Katrín ekki farið hefðbundnar leiðir, en fyrir sex árum tók hún ákvörðun um að hætta að borða kjöt. „Það voru svið í kvöldmatinn heima og mér hafði alltaf fundist óþægilegt að borða dýr og ákvað þarna að hætta því. Ég hélt samt fiski inni og eftir að ég byrjaði að æfa fyrir fyrsta mótið mitt fór ég að borða kjúkling og hef haldið því áfram. En allt rautt kjöt er enn úti.“

## Vellíðan er markmiðið

Í haust fer Katrín til Þýskalands í framhaldsnám í vélaverkfræði sem setur strik í reikninginn hvað æfingar varðar. „Ég veit ekki hvort ég hef tíma fyrir keppni. Ég hef ekki endilega sett mér nein markmið hvað fitness-keppni snertir, enda er það ekki aðalatriðið hjá mér. Fyrst og fremst snýst þetta um að mér líði vel og sé líkamlega og andlega sátt við sjálfa mig. Eins vil ég forðast öfgar en það er auðvelt að fá ranghugmyndir um sjálfan sig í þessu sporti. Á keppnisdögum er fituprósentan undir 10% og það getur verið freistandi að halda að það sé eðlilegt ástand. Þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að raunveruleikinn er annar.“ Katrín segir að það sem hún hafi lært varðandi æfingar og mataræði geri það að verkum að hún stundi nú heilbrigðan lífsstíl og hreyfingu.

› Sjá nánar á visir.is/lifid





SPORTLIF.IS

Pink Fit Boxið

Pink Fit boxið inniheldur 21 skammt af Ultra Loss, Eat Control og Active Fat Burner brennslutöflurnar

FÆÐUBÓTAREFNI Á BETRA VERÐI

Sportlíf Glæsibær - Sportlíf Holtagarðar - Netverslun www.sportlif.is



Stór ljós gera mikið fyrir heildina.



Andrúmsloftið í svefnherberginu breytist eins og sjá má.



Ljósin undirstrika rýmið.



Bríet Ósk stundar nám í innanhússarkitektúr í Barcelona á Spáni.

# IÐNAÐAR LJÓS FYRIR HEIMILIÐ

Stór hangandi iðnaðarljós sáust yfirleitt aðeins á veitingastöðum þar til nú en síðasta árið hafa ljós af þessu tagi sést í auknum mæli inni á heimilum. Umfang þeirra getur verið meira en gengur og gerist og þau undirstrika því oft rýmið. Hægt er að fá þessi ljós í mismunandi litum og stærðum og ættu því að passa inn á flest heimili. Ljósin koma einstaklega vel út yfir eldhúseyjunni, borðstofuborðinu eða jafnvel yfir náttborðinu. Hægt er að finna þessi ljós í fjársjóðskistum eins og Góða Hirðinum, á mörkuðum erlendis en einnig ættu allir að geta fundið sitt ljós í flestum almennum húsgagnaverslunum.








ICELANDAIR
VALITOR
DRAUMURINN
RÆTIST
Í KVÖLD KL 20.05
Skelltu þér í óborganlega skemmtiferð um Evrópu með fjórum fyndnustu fjörkálfum þjóðarinnar. Auddi og Steindi gegn Pétri Jóhanni og Sveppa í kostulegum ferðaleik sem gengur út á að safna stigum fyrir hin ótrúlegustu uppátæki. Hláturtaugarnar heimta áskrift í júlí! Þú mátt ekki missa af Evrópska draumnum!
Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á stod2.is
VISA
BOÐGREIÐSLUTILBOÐ
10% AFSLÁTTUR OFAN Á VILDARAFSLÁTT
Ef greitt er með VISA greiðslukorti
skemmtilegri
ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR
AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Lífið

# TRYLLTUR FATAMARKAÐUR

Tískutvennan Elma Lísa og Eva Ýr ætlar að halda trylltan fatamarkað næstkomandi laugardag að eigin sögn en þær hafa getið sér gott orð fyrir smekkvísi mikla. Markaðurinn fer fram á Lindargötu 6 á milli kl. 12-18. Margt flott verður í boði; kjólar, kápur, skór, töskur, jakkar, buxur, skyrtur, góss og glingur. Ýmis merki og vintage-molar leynast líka á slánum meira að segja smá fyrir strákana.





## HELGARMATURINN



**„Hver kannast ekki við það að vera að labba úti, finna skyndilega grilllykt og hugsa með sér: „Hver er að grilla?“ Svarið er einfalt, ég er að grilla,“ segir gleðigjafinn og útvarpsmaðurinn Kristján Ingi Gunnarsson sem deilir uppskrift með Lífinu að þessu sinni.**

„Ég mæli klárlega með því að gera vel við sig af og til og þá er RED ROY-naut úr Kjöthöllinni málið. En það verður að meðhöndla vel og mikilvægt er að leyfa því að ná stofuhita áður en því er skellt á Landmann-grillið á fullum hita. Best er að krydda kjötið með guðdómlegu RED ROY-steikarkrydd-blöndunni sem kjötmeistarinn blandar. En athugið að það er stranglega bannað að fullelda nautið.

**Meðlæti:**
Sætar og venjulegar kartöflur skornar í smáa teninga, dreifið púðursykri yfir, fersku engifer og kreistið að lokum eina ferska appelsínu yfir.

*Bakið blönduna í 30 til 40 mín. við 200 gráður í ofni eða setjið hana í álpappír á grillið.*

**Ferskt salat**
Gott er að setja ananas, mangó og hnetur út í hið hefðbundna salat svona til tilbreytingar.



Sósan á kantinum heitir Jón, getur ekki klikkað. Hentar vel með lambi og nauti.

- 200 gr sýrður rjómi
- 100 gr majones
- 1 tsk rósmarín
- 100gr dijon-sinnep
- 1 msk sojasósa
- 1 tsk karrí
- 50 gr púðursykur
- 2 dl rjómi
- og jafnvel hvítvín




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Slökunarnudd/heilnudd, opið 9-17, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S:823 5669 eða 693 0348.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**France Bulldog til sölu**
Erum með yndislega France Bulldog til sölu. Uppl. í síma 566 8417 www.dalsmynni.is Bjóðum raðgeiðslur Visa og Mastercard Hundaræktun með leyfi.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2 herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 85 þ. s. 895 0482

## Húsnæði óskast

Par m. 2 börn óskar eftir íbúð til leigu ca. 100-170 fm. Reglusöm með fastar tekjur. Meðmælendur til staðar. Frá ágúst, langtímal. S. 898 4202/823 8188

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Þakvinna**
Verktakafyrirtæki óskar eftir aðstoðarmönnum sem fyrst. Góð laun í boði. Hörður. S. 892 5085.

Stálsmiðja í Hfj óskar eftir starfskrafti. Aðeins íslenskumælandi koma til greina. Æskilegur aldur 23+. Uppl. sendist á skh@internet.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**Glataður Ipod / Svartur**
**Mánudaginn 28 maí glataði dóttir mín Ipodinum sínum á milli Laugardalslaugar-Suðurlandsbrautar eða í strætó 19-á leið upp í Norðlingaholt eftir klukkan 19:00. Hann er læstur og með brotnum skjá, svartur á lit. Ef einhver hefur orðið hans var eða tekið í misgripum má endilega koma honum aftur til okkar, hans er sárt saknað.**
**Nánari upplýsingar í síma 895 5086**

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
Opið allan sólarhringinn.




FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Á VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

vísir - oft á dag

## Tilkynningar

**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ**
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Tilkynning um niðurfellingu starfsleyfis EA fjárfestingarfélags ehf.

EA fjárfestingarfélag ehf., kt. 540599-2469, hefur afsalað sér starfsleyfi sínu sem viðskiptabanki. Þá var félagið tekið til slitameðferðar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 1. júní sl. Með vísan til framangreinds hefur Fjármálaeftirlitið fallist á afsal starfsleyfis félagsins og miðast niðurfelling starfsleyfis þess við 20. júní 2012.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

**FISKISTOFA**

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 1182, 21. desember 2011

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr.551/2012 í Stjórnartíðindum.

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:
**Norðurþing ( Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn)**
Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2012.**

*Fiskistofa, 28. júní 2012.*







CUBE

Fjallahjóladagar

-25%

**CUBE LTD**
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock Shox Recon TK air 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 12,7 kg.



Listaverð: 225.990 kr.
Tilboð: 169.990 kr.

**CUBE LTD PRO**
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock Shox Reba RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 12,3 kg.



Listaverð: 255.990 kr.
Tilboð: 191.990 kr.

**CUBE LTD RACE**
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Fox Evolution 32 RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 12,1 kg.



Listaverð: 275.990 kr.
Tilboð: 206.990 kr.

**CUBE LTD SL**
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock Shox Reba RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 11,9 kg.



Listaverð: 299.990 kr.
Tilboð: 224.990 kr.

Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.

TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
OPNUM KL.10
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
1495 KR. KG
FROSIÐ LAMBA KJÖT
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
3598 KR. KG
FROSIÐ LAMBA KJÖT
KS FROSIÐ LAMBAFILLET/HRYGGVÖÐVI
AÐ KRYDDA SJÁLFUR ER ÓDÝRARA
ÁN MSG
298 KR. 454 GR
HEIMA 454 GR SEASON KRYDD
449 KR. 500 ML
CAJ-P 500 ML BBQ-GRILLOLÍA
MEÐ GRILLPENSLI
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR
www.lambakjot.is
um matreiðslu á lambakjöti
1349 KR. KG
FROSIÐ LAMBA KJÖT
FROSIÐ LAMBALÆRI
FRÁBÆRAR UPPSKRIFTIR Á MARGSKONAR MATREIÐSLU Á LAMBALÆRI:
Á HEIMASÍÐU BÓNUS: WWW.BÓNUS.IS / UPPSKRIFTIR
229 KR. 612 ML
HUNTS BBQ SÓSUR
BÓNUS Kjúklingur Bringur
2098 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS FULLELDAÐUR BUFFALO KJÚKLINGUR
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900 GR
1498 KR.
FERSKUR KJÚKLINGUR
BÓNUS BUFFALO VÆNGIR 800 GRÖMM
398 KR. BOXIÐ
Holta Úrbeinuð læri
1979 KR.KG
HOLTA -ÚRBEINUÐ SKINNLAUS FERSK KJÚKLINGALÆRI
BÓNUS BUFFALO LEGGIR 800 GRÖMM
598 KR. BOXIÐ
79 KR. DÓSIN
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS **FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS**

HOLLENSKT NÝTT ICEBERG
**298 KR.KG**

KIRSJUBERJATÓMATAR
**298 KR.** 250G

ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
**349 KR.KG**

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

HOLLENSKT NÝTT KÍNAKÁL
**159 KR.KG**

NÝ UPPSKERA FRÁ FRAKKLANDI
**KARTÖFLUR**
**259 KR.KG**

AVACADÓ PAKKAÐ: 750G
**495 KR.**

SPÁNSKAR VATNSMELÓNUR
**149 KR.KG.**

FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK
100% NAUTAKJÖT

**1698** KR. 10 STK.
**159** KR. 4 STK.

10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ

**98** KR. 200 G
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR

**179** KR. 280 G
BÓNUS 280 GR SPELT-RÚGBRAUÐ

**639** KR. 560 G
SS VÍNARPYLSUR 10 STK.

**398** KR. 2 STK.
FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA-HAMBORGARAR

ÍSLANDS NAUT

**159** KR. 5 STK.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ

**198** KR. 570 G
HEINZ TÓMATSÓSA

**198** KR. 680 G
HUNT´S TÓMATSÓSA

**359** KR. 480 G
10 STK. BÓNUS PYLSUR

**139** KR. 2 STK.
BÓNUS HEILKORNA HAMBORGARABRAUÐ

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



65 **ÁGÚST GUÐMUNDSSON** kvikmyndaleikstjóri á afmæli í dag.
*„Nú ganga sögumenn ekki á milli bæja eða troða upp á kvöldvökum eins og á árum áður en hæfileikinn lifir.“*



**Í LUNDINUM** Óli Jón man tímana tvenna í ferðaþjónustu á landinu. Þegar hann byrjaði hafði Ferðaþjónusta Íslands einkaleyfi á móttöku erlendra ferðamanna og sagði fyrir um hvað matur og gisting átti að kosta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÓLI JÓN ÓLASON: HEFUR STARFAÐ Í FERÐAÞJÓNUSTU Í 53 ÁR

# Gróðursetur tré í hverri ferð

Óli Jón Ólason hefur örugglega einn lengsta starfsaldur í ferðaþjónustu á Íslandi. Hann hefur starfað í greininni í rúmlega 50 ár og komið að rekstri hótela og minjagripaverslana, fararstjórn og ráðgjöf.

Í dag rekur Óli Jón ferðaþjónustuna Þemaferðir í Grundarfirði og í Bjarnarfirði á Ströndum. Þemaferðir eru fjölskyldufyrirtæki sem hann og eiginkona hans, Steinunn Hansdóttir, reka ásamt dóttur sinni, Arnlín Óladóttur, og tengdasyni, Magnúsi Rafnssyni.

„Þegar ég byrjaði í ferðaþjónustunni þá var Ferðaþjónusta ríkisins með einkaleyfi á móttöku erlendra ferðamanna,“ rifjar Óli Jón upp. „Þá var maður háður því hvað hún skaffaði okkur marga kúnna. Þeir sögðu okkur líka hvað maturinn átti að kosta og gistingin. En nú eru breyttir tímar og þó manni finnist hlutirnir ganga hægt stundum þá hafa þeir breyst mikið til batnaðar.“ Hann bendir á að í dag starfi aðallega fagfólk í greininni og hægt sé að mennta sig sérstaklega í ferðaþjónustu.

Óli Jón hóf feril sinn í október 1959. „Þá rak ég skíðaskálann í Hveradölum í tíu ár,“ segir Óli Jón. „Raunar, tíu ár og tvo daga ef þú vilt hafa það nákvæmt.“

Spurður hvernig fjölskyldufyrirtækið varð til segir hann að það hafi verið að frumkvæði dóttur sinnar og tengdasonar. „Þau fóru á vaxtarsprotanámskeið og fengu þar verðlaun fyrir hugmynd sína um að setja upp ferðaþjónustu í sveit. Þau fengu mig til að vera með í þessu og nú erum við öll í ferðaþjónustu í fjölskyldunni. Við erum hér í Grundarfirði og þau á Ströndum.“

Fyrirtæki þeirra í Grundarfirði sér um sérleyfisferðir umhverfis Snæfellsjökul ásamt hópferðabílafyrirtækinu Sterna. Einnig reka þau handverksverslun sem opin er allan ársins hring. En fyrirtækið heitir ekki Þemaferðir fyrir ekki neitt og hefur Óli Jón lagt áherslu á umhverfisvernd í starfi sínu.

„Þú veist hvað sagt er, maður á að skila landinu betur en maður tekur við því,“ segir Óli Jón. „Í vor ákváðum við að gróðursetja eitt tré í hverri ferð. Það hefur gengið mjög vel. Þá látum við útlendingana í ferðunum gróðursetja tré. Við bendum þeim svo á að þeir geta komið aftur eftir fimmtán ár og séð hversu hátt tréð er. Jafnvel sýnt barnabörnum eða barnabarnabörnum hvað þau hafi verið dugleg þegar þau voru ung.“

Hugmyndin er fengin erlendis frá og þeim fannst tilvalið að taka hana upp hér. Gróðursetningin fer fram í lundi fyrir aftan Sjómannagarðinn á Hellissandi. „Þar ætlum við að gróðursetja rúmlega 80 tré í sumar.“

birgirh@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. JÚNÍ 1952

## Fyrstu forsetakosningar á Íslandi

Sextíu ár eru í dag frá því Ásgeir Ásgeirsson var kjörinn forseti Íslands til næstu fjögurra ára á eftir. Þá voru fyrstu forsetakosningar sem fram fóru á Íslandi og þær voru að aflokinni harðri kosningabaráttu. Þrír menn höfðu boðið sig fram. Auk Ásgeirs voru það séra Bjarni Jónsson og Gísli Sveinsson.

Á kjörskrá voru rúmlega 86 þúsund manns, en um 70.400 neyttu atkvæðisréttar síns. Ásgeir hlaut 32.924 atkvæði og séra Bjarni 31.042 þannig að mjög var mjótt á munum. Gísli Sveinsson fékk 4.225 atkvæði.

Ásgeir hafði setið á Alþingi fyrir Alþýðuflokkinn, verið fjármálaráðherra og forsætisráðherra um skeið og sumarið 1930 var hann forseti sameinaðs þings og stýrði hátíðarfundum á Þingvöllum vegna þúsund ára afmælis Alþingis.



---

✝



Elskuleg eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTJANA GUÐRÚN EINARSDÓTTIR**
**Dvalarheimili aldraðra, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja mánudaginn 25. júní. Útförin fer fram frá Landakirkju miðvikudaginn 4. júlí kl. 15.00.

**Lárus Kristjánsson**
**Ólafur Einar Lárusson** — **Emma Hinrika Sigurgeirsdóttir**
**Kristín Auður Lárusdóttir** — **Jónas Kristinn Eggertsson**
**Hrönn Lárusdóttir** — **Bergur Elíasson**
**Elín Lárusdóttir** — **Ómar Jóhannsson**
**Iðunn Lárusdóttir** — **Óðinn Guðmundsson**
**Lára Kristjana Lárusdóttir** — **Bjarki Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EINAR MARKÚSSON**
**Funalind 1, Kópavogi,**

lést miðvikudaginn 27. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Markús Einarsson** — **Hólmfríður Pálsdóttir**
**Árni Dan Einarsson** — **Sigrún Dan Róbertsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir** — **Jón Karlsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERLA JÚLÍUSDÓTTIR**
**(BÍBÍ),**
**Kópavogsbraut 1a,**

er látin.

**Birgir Stefánsson**
**Þorgerður Edda Birgisdóttir** — **Jón Ellert Sverrisson**
**Brynhildur Birgisdóttir** — **Einar Þór Jónatansson**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞURÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**frá Höfða á Völlum,**
**Arnarheiði 13 A, Hveragerði,**

lést á Sjúkrahúsi Selfoss miðvikudaginn 13. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jóhannes Pálsson**
**Guðmundur Svavarsson** — **Hrafnhildur Gunnarsdóttir**
**Gísli J. Gíslason** — **Hólmfríður Skaftadóttir**
**Ástríður G. Jóhannesdóttir** — **Gunnlaugur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HULDA SOFFÍA LONG**
**kennari,**
**Norðurbrún 1, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Hringbraut sunnudaginn 24. júní. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Sigurbjörg Eyrún Þorvaldsdóttir**
**Kjartan Þór Þorvaldsson** — **Hildur Ása Sævarsdóttir**
**Sandra María Kjartansdóttir**
**Kristófer Þór Kjartansson**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**VALBERGS GÍSLASONAR**
**matsveins,**
**síðast til heimilis að Hrafnistu Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki og hjúkrunarfólki Hrafnistu fyrir umönnun og hlýju.

**Pálína Aðalsteinsdóttir**
**Pétur S. Valbergsson** — **Bjargey Eyjólfsdóttir**
**Sigrún Valbergsdóttir** — **Gísli Már Gíslason**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR SIGRÚN SÖRLADÓTTIR**
**Stararima 23,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 24. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 4. júlí kl. 13.00. Þökkum starfsfólki á 11-E og Heimahlynningu Landspítalans fyrir góða aðhlynningu og samhug.

**Álfheiður Einarsdóttir** — **Odd Stefán Þórisson**
**Kristín Einarsdóttir** — **Sigurður Kristjánsson**
**Ólafur Friðbert Einarsson** — **Henný Ása Ásmundsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.

**HULDA ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Lést á dvalarheimilinu Jaðri Ólafsvík miðvikudaginn 27. júní. Jarðaförin auglýst síðar.

**Kristjana Hulduðóttir** — **Pétur Bogason**
**Sigurður Kristján Höskuldsson** — **Guðmunda Wium**
**Magnús Höskuldsson** — **Sæunn Jeremíasdóttir**
**Valur Höskuldsson** — **Sigfríð Ósk Valdimarsdóttir**
**Grétar Höskuldsson** — **Olga Sædís Aðalsteinsdóttir**
**Bára Höskuldsdóttir** — **Pétur Sigurðsson**
**Erla Höskuldsdóttir** — **Sveinbjörn Benediktsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

Nikon

*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200




**Verð frá 139.995.-**

**KAUPAUKI**




Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**




**KAUPAUKI**



**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro
– 2.5 klst kynningarnámskeið
ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir
með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lampi, **6.** í röð, **8.** sjór, **9.** draup, **11.** ekki heldur, **12.** frétt, **14.** skran, **16.** skóli, **17.** gerast, **18.** skelfing, **20.** tveir eins, **21.** milda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** umhverfis, **4.** máski, **5.** viður, **7.** at, **10.** kirna, **13.** loft, **15.** sá, **16.** mælieining, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lukt, **6.** áb, **8.** mar, **9.** lak, **11.** né, **12.** fregn, **14.** drasl, **16.** ma, **17.** ske, **18.** ógn, **20.** ii, **21.** lína.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** um, **4.** kannski, **5.** tré, **7.** bardagi, **10.** ker, **13.** gas, **15.** leit, **16.** mól, **19.** nn.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Heimsókn að Mánaskál
Kolbrún, Atli og Þórdís Katla una sér ein í Laxárdal þó gemsasamband sé ekkert og sjónvarpsskilyrðin slæm.

**Meðal annars efnis:**



**Kaffi, Rammstein og svefngrímur**
Margir rithöfundar koma sér upp ákveðnum verkreglum eða venjum við skriftir.




**Allt sem þú þarft**


# Umræðan um umræðuna

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Íslendingar eru ekki sammála um margt en ég hugsa að 99 prósent landsmanna séu sammála um það að íslensk umræðuhefð sé ömurleg. Ég hef ekki tölu á öllum þeim pistlum, statusum og kommentum sem ég hef lesið um hvað umræðan sé vond; að við séum sífellt að karpa um aukaatriði, fara í boltann en ekki manninn, færa ekki rök fyrir máli okkar og svo er smiðshöggið rekið með tilvitnun í það sem Halldór Laxness sagði um kjarna málsins. Allt má þetta sjálfsagt til sanns vegar færa. Hins vegar er umhugsunarefni hvers vegna umræðuhefð, sem svo mikil og víðtæk óánægja ríkir um, er stunduð af jafn miklu kappi og raun ber vitni.

**HELSTI** vettvangur hinnar eitruðu umræðu er vitaskuld netið, þar sem allstór hópur fólks hamast við að hafa ekkert fram að færa og fréttir netmiðlanna snúast í auknum mæli um hvað einhverjum finnst. Það er gömul tugga að allir eigi rétt á sinni skoðun og að það sé bara gott að fólk hafi ólíkar skoðanir. Það er ágætt eins langt og það nær en þótt manni finnist eitthvað þýðir það ekki að það eigi sjálfkrafa sérstakt erindi í umræðuna. Allar skoðanir eru nefnilega ekki jafngildar.

**ÉG ÞEKKI** þetta á eigin skinni. Ég er ofboðslega skoðanaríkur. Það fer í taugarnar á mér þegar fólk er ósammála mér og ég hef ríka þörf fyrir að eiga síðasta orðið í samræðum. Sumsé uppskriftin að hinum óþolandi netverja. Á einhverjum tímapunkti áttaði ég mig á að það væru ekki forréttindi annarra að heyra skoðanir mínar á hinum og þessum álitamálum og ég fór að gera mér far um að reyna að sitja á strák mínum. Mæla þarft eða þegja. Mér dettur ekki í hug – allra síst í skoðanapistli – að halda því fram að það hafi alltaf lukkast en viðleitnin er að minnsta kosti til staðar.

**LÝÐRÆÐISLEG** og frjáls umræða er auðvitað af hinu góða og það er jákvætt að láta sig málin varða og leggja orð í belg á opinberum vettvangi. Það getur líka verið gaman að skeggræða málin í góðra vina hópi; leysa lífsgátuna, laga fjárlagahallann og finna leiðina að því að gera knattspyrnudeild Harðar á Patreksfirði að Íslandsmeistara í einu samtali. En stundum fær maður á tilfinninguna að sumir rugli saman skoðanafrelsi og skoðanaskyldu. Þótt orðið sé frjálst þarf ekki að láta það hlaupa með sig í gönur. Í mörgum tilfellum er rétturinn til að halda skoðunum okkar fyrir okkur sjálf hugsanlega það besta sem við getum gert íslenskri umræðuhefð eins og fyrir henni er komið.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Meðlæti úr kjötborði**



Grillsumar Nóatúns

MAÍSKÓLFUR Á GRILLPRJÓNI

**98** KR./STK.



NÝTT!

Grillsumar Nóatúns

FYLLTUR RAUÐLAUKUR M/ HVÍTLAUKSGRASI

**98** KR./STK.



Grillsumar Nóatúns

SALT-BAKAÐAR KARTÖFLUR

**98** KR./STK.



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI

**LAMBAFILLE MEÐ FITURÖND KRYDDAÐ AÐ ÞÍNUM ÓSKUM**

**3778** KR./KG

## Glæsilegt úrval meðlætis í kjötborði Nóatúns



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

LAMBA-KÓTILETTUR KRYDDAÐAR AÐ ÞÍNUM ÓSKUM

**1998** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

UNGNAUTA RIBEYE

**3998** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI

100% NAUTAKJÖT!



AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

UNGNAUTA HAMBORGARI, 90 G

**169** KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI



BLÁLÖNGUSTEIK MEÐ SÍTRÓNU-SMJÖRI

**1598** KR./KG

ÚR FISKBORÐI · FERSKIR Í FISKI



ÍM KJÚKLINGA-BRINGUR

**2338** KR./KG

TILBÚIÐ Á GRILLIÐ!



**GRILLBAKKAR**

| | |
|---|---|
| KARTÖFLUBÁTAR | 449 KR./PK. |
| SÆTAR KARTÖFLUR | 649 KR./PK. |
| KRYDDAÐ GRÆNMETI | 699 KR./PK. |
| MAÍSKÓLFAR | 645 KR./PK. |

NÝTT!

ÍS FYRIR FÓLK MEÐ MJÓLKURÓÞOL!





RICE ÍS, 750 ML

**898** KR./PK.



LJÓTUR BLÁMYGLUOSTUR, 200 G

**595** KR./STK.



CHOVI GRILLSMJÖR, 3 TEGUNDIR

**296** KR./STK.

SVALANDI!





EGILS KRISTALL +, 3 TEGUNDIR, 1,5 L

**249** KR./STK.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SPIDER-MAN - FORSÝNING | 10.15(POWER) |
| WHAT TO EXPECT | 5.50, 8, 10 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| SNOW WHITE | 7 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING LÚXUS | KL. 5.35 - 8 | L |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.45 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| STARBUCK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 5.35 - 8 - 10.25 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | L |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 | 16 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES VIP | KL. 10:40 | 2D | VIP |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 | 2D | VIP |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU. TALI | KL. 3:40 - 10:10 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| RAVEN | KL. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| LOL | KL. 8 - 10 | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:35 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:25 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| PROMETHEUS | KL. 8 - 10:35 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5:25 | 2D | 16 |
| SNOW WHITE | KL. 10 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 SÝND Í SÍÐASTA SINN | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| WHAT TO EXPECT... | KL. 8 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 3D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |




**HIPPHOPP-HÁTÍÐ** Heimir Björnsson og Hlynur Ingólfsson, rapparar Skyttnanna, flytja nýtt efni á hátíðinni Yolo ásamt mörgum helstu röppurum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skytturnar með nýtt rapp

Hipphopp verður í hávegum haft á Þýska barnum um helgina á hátíðinni Yolo. Skytturnar eru meðal rapphljómsveita en tónleikar hennar eru hluti af endurkomu sveitarinnar.

„Það má búast við miklu af nýju efni frá okkur á næstu mánuðum," segir Hlynur Ingólfsson, einn meðlima Skyttnanna. Sveitin stefnir á útgáfu nýrra laga eftir margra ára hlé og verða nokkur þeirra flutt ásamt eldra rappi annað kvöld. „Við munum taka lög eins og Geri það sem ég vil, sem naut mikilla vinsælda hér um árið, og Lognið á undan storminum."

Eftirfarandi lög er að finna á breiðskífunni Illgresið sem kom út árið 2003 en sama ár var sveitin valin bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Tónleikar sveitarinnar á hátíðinni eru þeir fyrstu í Reykjavík síðan í byrjun desember á síðasta ári. „Við komum þá fram á Prikinu og það var troðfullt enda lítill staður. Við höfum síðan spilað fjórum sinnum á Akureyri upp á síðkastið, til dæmis á Bíladögum. Þar fengum við þrusugóð viðbrögð en þá var maður auðvitað á heimavelli. Við vonum bara að þetta verði eins gott á svona stórum stað í bænum," segir Hlynur en Skytturnar eru frá Akureyri.

Hátíðin stendur yfir í kvöld og á morgun og hefst dagskráin á miðnætti báða dagana. Margir helstu rapparar landsins koma fram ásamt ýmsum plötusnúðum en meðal þeirra eru Úlfur Úlfur, Gabríel ásamt Opee, Gísli Pálmi, Emmsjé Gauti, Shades of Reykjavík og ATH, sem samanstendur af Didda Fel og 7berg. - hþt

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 29. júní 2012

#### → Tónleikar

**20.00** Ingvi Rafn Ingvason trommar og leikur ýmsar tegundir tónlistar, til dæmis blús, djass og hipphopp á Kaffi Költ á Akureyri.

**22.00** Hljómsveitin Funkmaster 2000 kemur fram á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Djöflarokk verður leikið á Gamla Gauknum Tryggvagötu 22 með hljómsveitunum 0, Dynfari, World Narcosis og Carpe Noctem. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**22.30** **Saktmóðigur**, Otto Katz Orchestrea og Elín Helena koma fram á upphitun fyrir rokkhátíðina Eistnaflug á Ellefunni. Aðgangur er ókeypis.

#### → Fræðsla

**13.00** Boðið verður upp á fræðslugöngu um Grasagarð Reykjavíkur alla föstudaga í júní. Þátttaka er ókeypis.

#### → Tónlistarhátíð

**19.30** Raftónlistarhátíðin Extreme Chill - Undir Jökli 2012 fer fram á Hellissandi um helgina í félagsheimilinu Röst. Hinn breski Mixmaster Morris spilar ásamt Futuregrapher, Stereo Hypnosis og Captain Fufanu meðal annarra.

#### → Uppákomur



**12.00** Götuleikhúsið og tíu listhópar Hins hússins glæða miðbæinn lífi milli klukkan 12 og 14 á svokölluðu Föstudagsfiðrildi. **Garmur Garmason** er meðal hópa en hann er skipaður Þyrí Huld Árnadóttur og Rakel Jónsdóttur.

#### → Leiðsögn

**12.10** Listasafn Íslands verður með leiðsögn fyrir gesti og gangandi í hádeginu í dag.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


LYFJA
– Lifið heil

Ómissandi í flugið!

Flugsokkar auka blóðflæði til fótleggja og minnka líkur á bjúg, bólgum, æðahnútum, æðasliti, fótapirringi og þreytu.




www.lyfja.is

Fyrir þig í Lyfju




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas







BÍÓ ★ PARADÍS

**FÖSTUDAGUR:** **BERNIE** 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ *COOL CUTS: 101 REYKJAVIK* 18:00 ■ *COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES* 20:00 ■ *COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00 ■ **ÚTSKRIFTARHÁTÍÐ KVIKMYNDASKÓLANS** 16-22 (FRÍTT INN, ALLIR VELKOMNIR)

FRÁ 5. JÚLÍ: **GLASTONBURY THE MOVIE**!

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# TRJÁPLÖNTU-VEISLA



**MARGARITA**
Verð áður: 1.190 kr.
**Nú: 799 kr.**




VERÐDÆMI
GLJÁMISPILL
Verð áður: 1.199 kr.
Nú: 690 kr.

**Víðir, mispill og alparifs!**

**verð aðeins: 690 kr.**




VERÐDÆMI
EINIR
Verð áður: 4.490 kr.
Nú: 1.990 kr.

**Sígrænar plöntur!**

**verð aðeins: 1.990 kr.**




VERÐDÆMI
BIRKIKVISTUR
Verð áður: 1.999 kr.
Nú: 999 kr.

**Kvistir, toppar, rifs og sígrænt!**

**verð aðeins: 999 kr.**



HENGITÓBAKSHORN
Verð áður: 2.799 kr.
Nú: 1.990 kr.

blómaval

# sport

sport@frettabladid.is



**DAVÍÐ JÓNSSON**, frjálsíþróttamaður úr Ármanni, vann í gær til bronsverðlauna í kúluvarpi á Evrópumeistaramóti fatlaðra í frjálsum íþróttum í Stadskanaal í Hollandi með kasti upp á 11,21 metra. Áður hafði Helgi Sveinsson tryggt sér silfurverðlaun í spjótkasti og Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir í langstökki. Íslendingar hafa lokið keppni á mótinu og eru væntanlegir til landsins í kvöld.

### Bestir í 1. til 8. umferð Pepsi-deildar karla:

Hér á eftir fer listi yfir þá leikmenn sem eru með hæsta meðaleinkunn hjá Fréttablaðinu í fyrstu átta umferðum Pepsi-deildar karla af þeim mönnum sem hafa fengið einkunn fyrir sex leiki eða fleiri.

| Hæsta meðaleink. í Pepsi-deild karla: | |
|---|---|
| 1. Atli Guðnason, FH | 7,00 |
| 2. Rúnar Már Sigurjónsson, Valur | 6,75 |
| 3. Björn Daníel Sverrisson, FH | 6,71 |
| 4. Guðjón Árni Antoníusson, FH | 6,63 |
| 5-7. Jóhann B. Guðmunds., Keflavík | 6,50 |
| 5-7. Kennie Knak Chopart, Stjarnan | 6,50 |
| 5-7. Kristinn Jónsson, Breiðablik | 6,50 |
| 8. Guðmann Þórisson, FH | 6,43 |
| 9-11. Óskar Örn Hauksson, KR | 6,38 |
| 9-11. Babacar Sarr, Selfoss | 6,38 |
| 9-11. Ármann Smári Björnsson, ÍA | 6,38 |
| 12-13. Sindri Snær Jensson, Valur | 6,33 |
| 12-13. Freyr Bjarnason, FH | 6,33 |
| 14. Kári Ársælsson, ÍA | 6,29 |
| 15-18. Bjarni Guðjónsson, KR | 6,25 |
| 15-18. Haraldur F. Guðmunds., Kef. | 6,25 |
| 15-18. Arnór Ingvi Traustason, Kef. | 6,25 |
| 15-18. Finnur Orri Margeirs., Breiðab. | 6,25 |
| 19. Garðar Jóhannsson, Stjarnan | 6,17 |
| 20-24. Daníel Laxdal, Stjarnan | 6,14 |
| 20-24. Christian Steen Olsen, ÍBV | 6,14 |
| 20-24. Halldór Orri Björns., Stjarnan | 6,14 |
| 20-24. Páll Gísli Jónsson, ÍA | 6,14 |
| 20-24. Kristján Hauksson, Fram | 6,14 |
| 25-27. Alexander Scholz, Stjarnan | 6,13 |
| 25-27. Pétur Viðarsson, FH | 6,13 |
| 25-27. Jón Daði Böðvars. Selfoss | 6,13 |
| 28-38. Hannes Þór Halldórsson, KR | 6,00 |
| 28-38. Atli Jóhannsson, Stjarnan | 6,00 |
| 28-38. Kjartan Henry Finnbogas., KR | 6,00 |
| 28-38. Viðar Örn Kjartansson, Selfoss | 6,00 |
| 28-38. Ingimundur Óskars., Fylkir | 6,00 |
| 28-38. Frans Elvarsson, Keflavík | 6,00 |
| 28-38. Guðmundur Steinars., Keflavík | 6,00 |
| 28-38. Þorsteinn Már Ragnarsson, KR | 6,00 |
| 28-38. Bjarki Gunnlaugsson, FH | 6,00 |
| 28-38. Haukur Páll Sigurðsson, Valur | 6,00 |
| 28-38. Alexander Magnús., Grindavík | 6,00 |

# Enginn betri en Atli Guðna

**Atli Guðnason er efstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins eftir fyrstu átta umferðir Pepsi-deildar karla. Atli er einn af fjórum FH-ingum inni á topp tíu listanum.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru á toppnum eftir fyrstu átta umferðir Pepsi-deildar karla og enginn á meira í því en Atli Guðnason sem hefur farið á kostum með FH-liðinu í upphafi sumars. Atli er efstur í einkunnagjöf Fréttablaðsins með 7,0 í meðaleinkunn sem er frábær frammistaða hjá þessum 27 ára gamla stærðfræðikennara.

**Maður leiksins í fimm leikjum**

Besti leikur sumarsins hjá Atla var í 8-0 stórsigrinum á FH en hann fékk þá 9 í einkunn. Atli skoraði eitt mark og lagði upp tvö í þeim leik. Atli hefur þó skarað fram úr í mun fleiri leikjum enda verið kosinn maður leiksins fimm sinnum í umferðunum átta.

Atli, sem verður 28 ára gamall í haust, var valinn besti leikmaður Íslandsmótsins 2009 þar sem hann kom að 22 mörkum FH-liðsins en það gekk ekki eins vel hjá honum síðustu sumur. Atli kom samtals að 24 mörkum FH undanfarin tvö tímabil eða aðeins tveimur mörkum meira en allt sumarið 2009.

**Fann 2009-gírinn**

Atli fann hins vegar 2009-gírinn seinni hluta síðasta sumars þegar hann kom að ellefu mörkum í seinni umferðinni eftir að hafa ekki átt þátt í marki fyrstu ellefu umferðir sumarsins. Atli hefur síðan tekið upp þráðinn í sumar og hefur þegar komið að 9 mörkum í fyrstu átta umferðunum. Atli hefur skorað þrjú mörk sjálfur en hefur auk þess átt sex stoðsendingar á félaga sína í FH.



**ATLI GUÐNASON** Hefur spilað vel með FH-liðinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Rúnar Már í öðru sæti**

Það eru fleiri leikmenn að spila vel þótt Atli sitji í efsta sæti einkunnagjafarinnar. Í öðru sæti er Valsmaðurinn Rúnar Már Sigurjónsson sem er efstur meðal miðjumanna deildarinnar. Næstu tveir eru síðan liðsfélagar Atli í FH, Björn Daníel Lárusson og bakvörðurinn Guðjón Árni Antoníusson sem er efstur meðal varnarmanna.

Guðjón spilar í vörninni en hefur engu að síður komið með beinum hætti að sex mörkum því hann er búinn að skora fjögur mörk og gefa tvær stoðsendingar. Fjórði FH-ingurinn inn á topp tíu, Guðmann Þórisson, er síðan efstur af miðvörðum Pepsi-deildarinnar.

FH er eina liðið sem á fleiri en einn leikmann meðal tíu efstu í einkunnagjöf Fréttablaðsins en Valur, Keflavík, Stjarnan, Breiðablik, KR, ÍA og Selfoss eiga öll einn fulltrúa.

Það er hægt að sjá 40 efstu menn í einkunnagjöfinni hér til hliðar. ooj@frettabladid.is



**KÆRKOMINN BIKARSIGUR** Blikastúlkur höfðu ekki unnið bikarleik síðan sumarið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Blikar áfram eftir vítakeppni:

## Markaveisla og spenna í Eyjum

**FÓTBOLTI Breiðablik tryggði sér í gær sæti í átta liða úrslitum Borgunarbikars kvenna í knattspyrnu eftir 9-8 sigur gegn ÍBV í Eyjum að lokinni vítaspyrnukeppni.**

**Staðan að loknum venjulegum leiktíma var 3-3 og 4-4 eftir framlenginguna en auk þess fór rauða spjaldið þrisvar sinnum á loft í leiknum.**

**„Ég hugsa að þetta sé skrýtnasti fótboltaleikur sem ég hef tekið þátt í," sagði Fanndís Friðriksdóttir Bliki sem skoraði tvö mörk í leiknum en hún á ættir að rekja til Eyja.**

**„Það er örugglega ekkert vel séð að ég fari heim með sigur en ég er kampakát með þetta," sagði Fanndís hlæjandi.** - ktd



**SILFUR** Íslenska landsliðið lenti í 2. sæti í Peking 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltalandsliðið á ÓL:

## Nítján berjast um 15 sæti

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær þá 19 leikmenn sem munu taka þátt í undirbúningi liðsins fyrir Ólympíuleikana sem fara fram í London í júlí og ágúst. Ísland er þar í riðli með Argentínu, Bretlandi, Frakklandi, Svíþjóð og Túnis.

Guðmundur valdi 16 útileikmenn og þrjá markmenn í æfingahópinn en hann þarf að skera hópinn niður um fjóra menn fyrir leikana því hann fer væntanlega með fimmtán menn út eins og til Peking fyrir fjórum árum. Fjórtán menn eru leyfðir á skýrslu en ólíkt því sem var fyrir fjórum árum þá má fimmtándi leikmaðurinn nú vera með liðinu í Ólympíuþorpinu. - óój

### Undirbúningshópurinn:

| Markmenn: | |
|---|---|
| Aron Rafn Eðvarðsson | Haukar |
| Björgvin Páll Gústavsson | Magdeburg |
| Hreiðar Leví Guðmundsson | Nötteröy |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Alexander Petersson | Fuchse Berlin |
| Arnór Atlason | AG Köbenhavn |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | Hannover-Burgdorf |
| Bjarki Már Elísson | HK |
| Guðjón Valur Sigurðsson | AG Köbenhavn |
| Ingimundur Ingimundarson | Fram |
| Kári Kristján Kristjánsson | HSG Wetzlar |
| Ólafur Gústafsson | FH |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson | HK |
| Ólafur I. Stefánsson | AG Köbenhavn |
| Róbert Gunnarsson | Rhein-Neckar Löwen |
| Snorri Steinn Guðjónsson | AG Köbenhavn |
| Sverre Andreas Jakobsson | Grosswallstadt |
| Vignir Svavarsson | Hannover-Burgdorf |
| Þórir Ólafsson | KS Vive Targi Kielce |





**HVÍLD FRAM UNDAN** Einar Daði ætlar að gefa líkamanum kærkomið frí frá þraut á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalir lögðu Þjóðverja í undanúrslitum EM í Varsjá:

# Balotelli hetja Ítala

**FÓTBOLTI** Ítalir tryggðu sér sæti í úrslitaleik Evrópumótsins í knattspyrnu þegar liðið lagði Þjóðverja 2-1 í undanúrslitaleiknum í Varsjá í gærkvöldi. Skrautfuglinn Mario Balotelli var hetja Ítala en framherjinn magnaði skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik sem gerðu svo gott sem út um leikinn. Mark Mesut Özil úr vítaspyrnu í viðbótartíma kom of seint og Ítalir fögnuðu.

Bestu menn vallarins voru auk Balotelli miðjumaðurinn Andrea Pirlo og markvörðurinn Gianluigi Buffon sem voru einnig í liði Ítala sem varð óvænt heimsmeistari árið 2006.

Martröð Þjóðverja gegn Ítölum á knattspyrnuvellinum heldur áfram en Þjóðverjar hafa enn ekki lagt Ítala að velli í stórmóti. Þetta var um leið fyrsta tap Þjóðverja í 16 leikjum en liðið vann alla leiki sína í undankeppninni og hafði eitt liða lagt alla andstæðinga sína að velli í lokakeppninni í Póllandi og Úkraínu.

Spánverjar og Ítalir mætast því í úrslitaleik keppninnar í Kænugarði á sunnudaginn. - ktd



**ÚR AÐ OFAN** Mario Balotelli hugsaði sig ekki tvisvar um áður en hann reif sig úr eftir að hafa komið Ítölum í 2-0. NORDICPHOTOS/GETTY

Einar Daði í 13. sæti:

# Flott frumraun

**FRJÁLSAR** Einar Daði Lárusson, tugþrautarkappi úr ÍR, hafnaði í 13. sæti á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum en keppni í tugþraut lauk í gær. Einar Daði hlaut 7.653 stig sem er hans næstbesti árangur og 245 stigum frá hans bestu þraut í Kladnó fyrir tæpum þremur vikum.

„Það er rosalega gaman að keppa á velli með svona mörgum áhorfendum. Það er aldrei svona heima. Fjölskyldan og aðstandendur mæta en það eru svo fáir að fylgjast með þessu heima. Hérna var alveg pakkað,“ segir Einar Daði sem var afar ánægður með þrautina.

„Ég vildi fara í þessa þraut, fljóta í gegnum hana og klára. Upplifa stórmót og ná góðri niðurstöðu. Mér fannst þetta ganga mjög vel og mér líður rosalega vel,“ sagði Einar Daði að keppni lokinni. - ktd



**ÓVISS** Petrúnella Skúladóttir er samningslaus og veltir framtíðinni fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Grindvískar körfuboltakonur:

# Á leiðinni heim

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Grindavíkur sem leikur á ný í efstu deild kvenna í haust safnar nú liði fyrir átökin. Tvíburasysturnar Harpa Rakel og Helga Rut Hallgrímsdætur eru komnar heim eftir ársdvöl hjá Njarðvík annars vegar og Keflavík hins vegar.

„Þetta var mjög auðveld ákvörðun. Ég er svo mikill Grindvíkingur að ég verð að vera í Grindavík. Ég var búin að sjá það,“ sagði Helga Rut í samtali við Fréttablaðið í gær.

Grindavík missti flesta liðsmenn sína fyrir síðustu leiktíð er ljóst var að liðið myndi ekki tefla fram liði í efstu deild. Kornungt lið félagsins vann sigur í næstefstu deild og tryggði sér sæti á meðal þeirra bestu á ný.

Jóhann Þór Ólafsson, þjálfari liðsins, staðfesti að liðið hefði rætt við landsliðskonurnar Petrúnellu Skúladóttur og Ólöfu Helgu Pálsdóttur um að snúa aftur til Grindavíkur. Þær stöllur urðu, líkt og Harpa Rakel, Íslands- og bikarmeistarar með Njarðvík á síðustu leiktíð. - ktd



> **Stöð 2 kl. 20.05**

## Evrópski draumurinn

Skemmtilegasti þáttur sumarsins hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Sveppi og Pétur Jóhann keppa við Audda og Steinda Jr. og þeysast um Evrópu þvera og endilanga. Liðin eru í kapphlaupi við tímann og freista þess að leysa þrautir og safna stigum og standa að lokum uppi sem sigurvegari. Liðin fara um ellefu lönd og koma við í þrettán borgum.



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SÉR TVÖFALT

# *Allir eiga sinn tvífara*

Ég er ekkert sérstaklega mannglögg. Á það til að rugla saman ef líkindi eru mikil milli fólks. Sérstaklega andlitum frægra leikara í bíómyndum og þáttum. Þrátt fyrir þetta hef ég mikinn áhuga á andlitum og einmitt hversu mikil líkindi geta verið með tveimur alls óskyldum andlitum. Dálkurinn „Tvífarar", sem eitt sinn var í einhverju blaði sem ég las stundum, var í sérstöku uppáhaldi hjá mér.

Ég verð stundum svo upptekin af þessu að ég get varla horft á sjónvarpsþátt án þess að sjá tvífara í hverju horni, það eru líkindi með leikurunum og fólki sem ég þekki. Ég sé vinkonur mínar, mágkonur og samstarfsfélaga í sjónvarpsþáttum og á erfitt með að líta persónurnar réttu auga vegna þess. Þetta er sjálfsagt ekki í lagi en ég get ekki að þessu gert. Söguþráðurinn fer lönd og leið meðan ég rýni í svipbrigði og takta.



En allir eiga sér víst tvífara í heiminum hef ég heyrt. Kannski ekki meðal fræga fólksins, en einhvers staðar.

Ég hef ekki enn þá séð sjálfa mig á skjánum. Langar samt aðeins til að finna minn tvífara þar meðal frægra. Fúlt ef hann afgreiddi svo bara í búð í Berlín sem ég á aldrei eftir að versla í.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Þar sem ennþá Öxará rennur **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Smásaga: Hvítar smámýs **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Djassvisjón Evrópu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Innansveitarkronika **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.15 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.55 Leó** (34:52) (Leon)

**17.00 Snillingarnir** (49:54) (Little Einsteins)

**17.25 Galdrakrakkar** (56:59) (Wizard of Waverly Place)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir**

**18.30 Veðurfréttir**

**18.35 Baráttan um Bessastaði**

**20.15 Prinsinn af Persíu: Sandur tímans** (Prince of Persia: The Sands of Time) Myndin gerist í Persíu og segir frá prinsi og prinsessu sem reyna að afstýra því að illmenni komist yfir töfrarýting sem getur snúið tímanum við. Leikstjóri er Mike Newell og meðal leikenda eru Jake Gyllenhaal, Gemma Arterton, Ben Kingsley, Alfred Molina og Gísli Örn Garðarsson. Bandarísk ævintýramynd frá 2010.

**22.15 Reimleikar í Connecticut** (The Haunting in Connecticut) Fjölskylda flyst á gamalt sveitasetur þar sem áður var líkhús og upphefst þá mikill draugagangur. Leikstjóri er Peter Cornwell og meðal leikenda eru Virginia Madsen, Martin Donovan og Elias Koteas. Bandarísk hrollvekja frá 2009. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.55 Draumur Kassöndru** (Cassandra's Dream) Bandarísk bíómynd frá 2007. Tveir bræður í London eru í peningavandræðum. Ríkur frændi þeirra fellst á að hjálpa þeim en í staðinn vill hann fá svolítið sem bræðurnir eiga erfitt með að verða við. (e)

**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 30 Days Until I'm Famous**

**10.00 Balls of Fury**

**12.00 Ice Age: Dawn of the Dinosaurs**

**14.00 30 Days Until I'm Famous**

**16.00 Balls of Fury**

**18.00 Ice Age: Dawn of the Dinosaurs**

**20.00 Smother**

**22.00 Right at Your Door**

**00.00 Speed**

**02.00 I'ts a Boy Girl Thing**

**04.00 Right at Your Door**

**06.00 That Thing You Do!**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.05 Waybuloo**

**08.25 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (160:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (7:38)

**10.55 Cougar Town** (2:22)

**11.20 The Glades** (8:13)

**12.10 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (4:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 The Invincible Iron Man**

**14.20 The Cleveland Show** (8:21)

**14.45 Tricky TV** (3:23)

**15.10 Barnatími Stöðvar 2**

**16.15 Waybuloo**

**16.40 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (21:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (3:19)

**19.40 The Simpsons** (15:22) Tuttugasta og önnur þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur, ef eitthvað er, aldrei verið uppátektarsamari.

**20.05 Evrópski draumurinn** (1:6) Hörkuspennandi og skemmtilegur þáttur um tvö lið sem þeysast um Evrópu þvera og endilanga í kapplaupi við tímann og freista þess að leysa þrautir og safna stigum. Í öðru liðinu eru þeir Auddi og Steindi en Sveppi og Pétur Jóhann eru í hinu liðinu.

**20.45 So You Think You Can Dance** (4:15) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur í níunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas.

**22.10 The Day After Tomorrow** Sláandi raunsæ stórslysamynd.

**00.10 This is England**

**01.50 Notorious**

**03.55 Lost City Raiders**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.30 Norðurálsmótið**

**18.20 ÍA - KR** Útsending frá stórleik ÍA og KR í 32 liða úrslitum bikarkeppni karla í knattspyrnu.

**20.10 Borgunarmörkin 2012** Samantekt frá leikjunum í 32 liða úrslitum bikarkeppni karla í knattspyrnu. Sýnd verða mörkin og umdeildu atvikin helstu leikjunum.

**21.10 Sterkasti maður Íslands** Sýndar svipmyndir frá keppninni Sterkasti maður Íslands þar sem allir sterkustu menn landsins taka á öllu sem þeir eiga.

**21.40 UFC 116** Útsending frá UFC 116 en þangað mættu margir af snjöllustu og færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. City - Aston Villa**

**20.00 1001 Goals**

**21.00 Premier League World**

**21.30 Man. Utd. - Everton**

**23.15 Luis Enrique**

**23.40 PL Classic Matches: Everton - Leeds, 1999**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** (147:175)

**20.05 Friends** (24:24)

**20.30 Modern Family** (24:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Masterchef USA** (6:20)

**22.30 The Closer** (8:21)

**23.15 Fringe** (2:22)

**00.00 Rescue Me** (19:22)

**00.45 Evrópski draumurinn** (1:6)

**01.20 Friends** (24:24)

**01.45 Modern Family** (24:24)

**02.10 The Doctors** (147:175)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 Hæfileikakeppni Íslands** (2:6) (e)

**17.20 Dr. Phil**

**18.00 The Good Wife** (22:22) (e)

**18.50 America's Funniest Home Videos** (e)

**19.15 Will & Grace** (13:27) (e) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.

**19.40 The Jonathan Ross Show** (1:21) (e) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallþáttanna í Bretlandi. Jonathan er langt í frá óumdeildur en í hverri viku fær hann til sín góða gesti. Sarah Jessica Parker, Lewis Hamilton og söngkonan Adele eru gestir Jonathans að þessu sinni.

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Feðgarnir Hugo og Anthony Rizzuto halda áfram og fjallgönguhetjan Aron Ralston safnar fé til góðgerðamála.

**21.15 The Biggest Loser** (8:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**22.45 HA?** (18:27) (e) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir kvöldsins að þessu sinni eru þau leikaraparið Hannes Óli Ágústsson og Aðalbjörg Árnadóttir ásamt Óskari Jónassyni leikstjóra.

**23.35 Prime Suspect** (9:13) (e)

**00.20 The River** (2:8) (e)

**01.10 Jimmy Kimmel** (e)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.45** AT&T National - PGA Tour 2012 (2:4) **09.45** Golfing World **10.35** AT&T National - PGA Tour 2012 (2:4) **13.35** Inside the PGA Tour (26:45) **14.00** AT&T National - PGA Tour 2012 (2:4) **17.00** AT&T National - PGA Tour 2012 (3:4) **22.00** LPGA Highlights (12:20) **23.20** Golfing World **00.10** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**10.40** Come Dine With Me **11.30** QI **12.00** QI **12.35** Keeping Up Appearances **13.05** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.05** One Foot in the Grave **14.35** The Best of Top Gear **15.25** QI **15.55** QI **16.25** Come Dine With Me **17.15** The Graham Norton Show **18.10** QI **18.40** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.10** Live at the Apollo **22.55** The Best of Top Gear **23.44** The Graham Norton Show **00.30** QI

## DR 1

**10.35** Ved du hvem du er? **11.35** Aftenshowet **12.30** Niklas' mad **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Oliver i **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Penelope **14.45** Penelope **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** American Gangster **22.00** Children of Men **23.40** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy

## NRK 1

**06.25** Friidrett **10.00** NRK nyheter **10.10** Friidrett **11.30** Postkort fra Norge **12.00** Danmark fra kyst til kyst **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **14.55** Friidrett **15.00** NRK nyheter **15.10** EM friidrett **16.35** Oddasat - nyheter på samisk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Friidrett **19.30** VG-lista Topp 20 fra Rådhusplassen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Ekstremsport **21.35** Tudors **22.25** A-ha - for aller siste gang **23.35** VG-lista Topp 20 fra Rådhusplassen **01.05** Bitt av naturen

## SVT 1

**12.20** Hästkrafter **12.30** Genom Ryssland på 30 dagar **13.15** Gravid i höga klackar **14.00** Rapport **14.05** Kändisbarnvakten **14.45** Friidrott **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Guldmedaljen som förändrade livet **16.55** Friidrott **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Friidrott **20.00** Eighties **20.30** Wimbledon **22.05** Rapport **22.10** Hellboy **00.10** Rapport **00.15** Allsång på Skansen **01.15** Rapport **01.20** Kändisbarnvakten **02.00** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **02.30** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



# VANDAÐU VALIÐ

## GRILL OG GARÐHÚSGÖGN SEM ENDAST












LANDMANN
Er frá Þýskalandi




























**Grillbúðin**
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

GARVIDA®
EXTERIEUR
Er frá Þýskalandi

Belardo
Outdoor Collection
Er frá Þýskalandi

**FÖSTUDAGSLAGIÐ**



*„Það er allavega eitt lag sem fær mig alltaf til þess að dansa og það er Blister in the Sun með Violent Femmes.“*

Sigrún Lýðsdóttir, hönnuður Eyelove Horses

# Semja tónlist fyrir Óskarsverðlaunahafa

„Þetta er heilmikið og spennandi verkefni,“ segir Barði Jóhannsson tónlistarmaður en sveit hans og söngkonunnar Keren Ann, Lady & Bird, mun semja tónlistina við nýja heimildarmynd Frakkans Luc Jacquet, Once Upon a Forest.

Jacquet er hvað frægastur fyrir heimildarmyndina March of the Penguins sem hlaut meðal annars Óskarinn árið 2005 í flokki heimildarmynda. Tökur á nýju myndinni eru hafnar, en hún fjallar um vistkerfi regnskóganna.

„Framleiðslufyrirtækið hafði samband við okkur fyrir tveimur mánuðum og bað okkur um þetta. Luc hafði þá heyrt klassíska píanótónlist sem ég gaf út á netinu í Frakklandi í fyrra sem leiddi hann áfram að Lady & Bird,“ segir Barði, sem fékk að lesa handritið og heillaðist um leið. „Þetta er heimildarmynd um regnskóga en eins og hann er þekktur fyrir verður þessi heimildarmynd með ákveðinni sögu.“

Myndin verður frumsýnd haustið 2013 en henni er dreift af Disneynature. Barði á von að þau Keren Ann hefjist handa við að semja í haust en þar sem myndin er í fullri lengd er því um mikla vinnu að ræða. Barði hefur undanfarið fengist mikið við kvikmyndatónlist og segir það ágætis jafnvægi við popptónlistina. „Ég hef rosalega gaman af því og fæ ákveðna útrás í þeirri vinnu,“ segir Barði en nóg er að gera hjá honum þessa dagana. Hann er að semja tónlist við sjónvarpsþættina Pressu 3 og heimildarmynd um tónlistarhúsið Hörpu. Svo er von á nýrri EP-plötu með Lady & Bird með haustinu. **- áp**



**SEMJA KVIKMYNDATÓNLSIT** Dúettinn Lady & Bird semur tónlist við heimildarmyndina Once Upon a Forest frá Bonne Pioche og Luc Jacquet, sem unnu Óskarinn fyrir March of the Penguins árið 2005.






## VERA ÞÓRÐARDÓTTIR: SKILST AÐ 20-30 MANNS HAFI BOÐIÐ Í JAKKANN

# Lady Gaga-jakkinn sleginn á rúmar 2 milljónir króna

„Það var mjög spennandi að fylgjast með uppboðinu,“ segir fatahönnuðurinn Vera Þórðardóttir en jakki sem hún hannaði og poppstjarnan Lady Gaga klæddist seldist á dögunum fyrir 17.500 dollara, eða rúmar 2,2 milljónir íslenskra króna.

Það var uppboðsskrifstofan Juliens Auction sem bauð jakkann upp í samvinnu við Veru sem hafði lengi hugsað sér að jakkinn yrði safngripur.

Jakkinn hefur verið eftirsóttur frá því að Lady Gaga klæddist honum, þegar hún kom fram á góðgerðasamkomu með Elton John árið 2010. „Jakkinn hefur verið á ferð og flugi milli sýninga um allan heim á síðustu árum og mig langaði til að framtíð hans yrði á safni eða hjá safnara sem kynni að meta og færi vel með jakkann. Hann er úr viðkvæmu efni og má því ekki verða fyrir miklu hnjaski,“ segir Vera.

Uppboðsskrifstofan Julien´s Auctions er ein sú stærsta í Hollywood og sér um að bjóða upp fatnað og hluti stjarnanna. Skrifstofan hefur meðal annars séð um að bjóða upp muni Michaels Jackson, Madonnu og búslóð söngvarans Meatloaf. Skrifstofan taldi að jakkinn færi á milli 4-6.000 dollara en sú upphæð hækkaði umtalsvert. „Ég gat fylgst með uppboðinu því það fer fram bæði á netinu og á staðnum hjá þeim. Það var súrrealísk tilfinning að sjá töluna hækka og hækka en mér skilst að það hafi verið um 20-30 manns að bjóða í hann,“ segir Vera sem veit þó ekki hver er nýr eigandi jakkans.

En hversu mikið af söluverðinu fellur í hennar hlut? „Ég veit það ekki enn þá og er að bíða eftir að heyra frá þeim en á von á því að ég fái einhvern skerf af þessu,“ segir Vera hógvær. „Annars finnst mér bara magnað að einhver skuli vera tilbúinn að meta vinnuna manns svona mikið. Það gefur manni hvatningu til að halda áfram.“

Vera er nýflutt heim frá London þar sem hún lærði fatahönnun í Istituto Marangoni. Hún hefur komið sér fyrir í stúdíói ásamt Hönnu Felting en þær halda opið hús í stúdíói sínu næstkomandi fimmtudag að Laugavegi 168.

**alfrun@frettabladid.is**





**JAKKINN FRÆGI**

Jakkinn er úr viðkvæmu efni og hefur verið eftirsóttur síðan **Lady Gaga** klæddist honum á tónleikum árið 2010. **Vera Þórðardóttir** veit ekki er hinn heppni eigandi jakkans er en á von á að hún fái hlut af söluverðinu sjálfu.

# Gítar Skálmaldar boðinn upp

„Við þungarokkararnir getum líka látið gott af okkur leiða,“ segir Þráinn Árni Baldvinsson úr rokksveitinni Skálmöld.

Handsmíðaður gítar af tegundinni Fender sem Þráinn ætlar að spila á í sumar, meðal annars í Þýskalandi og á hátíðinni Eistnaflugi, verður seldur á uppboði í á tónleikunum Rokkjötnar í Kaplakrika í september. Allur ágóðinn rennur til samtakanna Blátt áfram. Listakonan Ýrr Baldursdóttir tók að sér að skreyta gítarinn endurgjaldslaust. „Hún fílar Skálmöld og hún var mjög ánægð með að fá að skreyta gítarinn í tengslum við það sem við erum að gera,“ segir Þráinn. Á gítarnum verða tilvísanir í plötuna Baldur og væntanlega plötu Skálmaldar sem fjallar um börn Loka.

Hljóðfærahúsið og Fender gefa gítarinn en verkefnið er unnið í samstarfi við Tuborg. „Mér finnst þetta ótrúlegur heiður. Það er svolítið sérstök tilfinning að einhver vilji græja fyrir mann gítar og síðan bjóða hann upp,“ segir Þráinn.

„Við ætlum að safna handa góðu málefni og ef einhvern virkilega vantar gítar þá er algjörlega málið að bjóða í þennan sérhannaða gítar. Við létum græja hann í Bandaríkjunum og eftir að ég prófaði hann vildi ég ekki sleppa honum. Ætli ég verði ekki að bjóða sjálfur í hann.“ **- fb**



**SKREYTTUR GÍTAR** Þráinn Árni Baldvinsson og Ýrr Baldursdóttir með nýskreyttan gítarinn.




# Sumar götur eru sumargötur í miðborginni!

**Það verður iðandi mannlíf á göngugötum borgarinnar í allt sumar**

## Löbbum í bæinn

Skólavörðustígur, Laugavegur, Pósthússtræti, Austurstræti og Hjartatorg eru göngugötur í allt sumar!
**Tónlistaruppákomur, útileikhús, menning, mannlíf o.m.fl.**

## Næg bílastæði

Bílastæðahúsin við **Traðarkot**, **Bergstaðastræti** og við **Stjörnuport** efst á Laugavegi, eru opin.



## Lækjartorg ómar

Laugardagstónleikar, markaðir og notaleg stemning á Lækjartorgi og nágrenni.

## Ingólfstorg blómstrar

**Ylströnd Ingólfs alla daga!**
Kynning á samkeppnistillögum um umhverfi torgsins.
Úrslitaleikur EM á breiðtjaldi undir berum himni.




*Traðarkot*




*Vitatorg*




*Bergstaðastræti*

P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR

MIÐBORGIN OKKAR

Kraftaverk

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



SAFT

EKKI TAKA ÞÁTT Í NEINU Á NETINU SEM ÞÚ VEIST EKKI HVAÐ ER!

Heimili og skóli

www.saft.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Grillaði pylsur í eldfjalli

**Tom Cruise** eyðir ekki öllum tíma sínum í vinnunni á meðan hann dvelur hér á landi. Hann tók á móti Connor syni sínum og hafa þeir lent í ýmsum ævintýrum saman, sem umheimurinn hefur fengið að fylgjast með á Twitter-síðu sonarins. Fóru þeir meðal annars upp á Eyjafjallajökul þar sem þeir grilluðu pylsur. Af myndunum að dæma, sem Connor birti á Twitter, hafa þeir fengið frábært veður og strákurinn segist elska Ísland, enda sé það Instagram-himnaríki en þar vísar hann í fræga myndavefsíðu.



### Leikari í uppvaskinu

**Birni Inga Hilmarssyni** leikara er greinilega margt fleira til lista lagt en að standa á sviði. Björn setti á sig uppþvottahanskana í gærkvöldi og hjálpaði til í eldhúsinu á veitingastaðnum Friðriki V á Laugavegi 60. Björn Ingi hefur komið víða við í leiklistinni og komið fram í öllum helstu leikhúsum landsins. Hann er vinur þeirra hjóna **Friðriks Vals Karlssonar** og Arnrúnar Magnúsdóttur, sem eiga og reka veitingastaðinn Friðrik V, sem var opnaður í Reykjavík í vor og hefur verið afar vinsæll. **- afb, bþh**



### Mest lesið | VÍSIR

1. Borðaði andlit manns eftir marijúananeyslu
2. Vesturbæjarlaug rýmd og þrír fluttir á slysadeild
3. „Ég hefði eins getað keypt fjandans bílinn"
4. Vantar leikara til að leika á móti Þorvaldi Davíð
5. Fyrsta nýja megrunarlyfið í Bandaríkjunum í 13 ár





